

# Ungt fólk 2004

## Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn íslenskra ungmenna

Rannsóknir meðal nemenda í framhaldsskólum á Íslandi 2004 og 2000

Álfgeir Logi Kristjánsson  
Silja Björk Baldursdóttir  
Inga Dóra Sigfúsdóttir  
Jón Sigfússon



**RANNSÓKNIR & GREINING**

Centre for Social Research and Analysis

Ofanleiti 2, 5. hæð – 103 Reykjavík

sími 599 6431 – netfang [rannsoknir@rannsoknir.is](mailto:rannsoknir@rannsoknir.is)



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

# Ungt fólk 2004

## Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn íslenskra ungmenna

Rannsóknir meðal nemenda í framhaldsskólum á Íslandi 2004 og 2000

Álfgeir Logi Kristjánsson  
Silja Björk Baldursdóttir  
Inga Dóra Sigfúsdóttir  
Jón Sigfússon

© 2005 Rannsóknir & greining ehf

Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis Rannsóknna & greiningar ehf.

©Rannsóknir & greining 2005

## **Inngangsorð**

Sífelld fleiri vakna til vitundar um mikilvægi þess að styðjast við öruggar og réttar upplýsingar, um stöðu og þróun lykilþátta innan hvers samfélags, þegar móta skal stefnu í málefnum barna og unglinga. Með þeim hætti verður stefnumótun markvissari og öll þjónusta betri og hagkvæmari. Áreiðanlegar rannsóknir á högum og lífi ungs fólks eru forsenda árangursríkrar stefnumótunar og forvarnarstarfs. Mikilvægi félagslegra rannsókna ætti því ekki að dyljast neinum.

Hér gefur að líta niðurstöður rannsóknar meðal framhaldsskólanema á Íslandi sem unnin var af Rannsóknum & greiningu að beiðni menntamálaráðuneytisins árið 2004. Með rannsókninni Ungt fólk 2004 er ljósinu varpað á fjölmarga þætti í lífi nemenda í öllum framhaldsskólum landsins en rannsóknin er unnin með það fyrir augum að upplýsingarnar nýtist aðilum sem starfa að málefnum ungs fólks á framhaldsskólaaldri. Í könnun þessari, líkt og í fjölmörgum öðrum reglulegum könnunum Rannsókna & greiningar, hefur gögnum verið safnað um ýmsa þætti sem gefa skýra mynd af lífsstíl og félagslegu umhverfi ungs fólks í framhaldsskólum. Fjallað er um viðhorf nemenda til náms síns og hugmyndir þeirra um nám og vinnu að framhaldsskóla loknum. Hér má einnig lesa um vinnu nemenda með skóla; um samskipti þeirra við foreldra sína og um aðstoð foreldra við heimanám; um líðan nemenda í skóla, einmanaleika og einelti; um skólafélagana, jafningjahópin og félagslíf nemenda í skóla; um þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi; um kaffihúsaferðir, bari, partí, vímuefnaneyslu og ástundun skemmtistaða; um hljómsveitir, tónleika og leikhúsaferðir; um hugmyndir nemenda um fartölvur og tækni og þann tíma sem nemendur verja daglega í að blogga svo nokkur dæmi séu tekin. Þá er fjallað um samgöngumáta framhaldsskólanema, viðhorf þeirra til búsetu og kannað hvar þeir sinna helst heimanámi sínu. Á þann hátt er birt mynd af ótal þáttum sem snúa að lífi ungs fólks í framhaldsskólum.

Í rannsókninni Ungt fólk 2004 er sjónum beint sérstaklega að nemendum í framhaldsskóla en mikilvægt er að hægt sé að nálgast haldgóðar upplýsingar um þann aldurshóp sem á framhaldsskólaárum tekur sín fyrstu skref sem fullorðið fólk. Árið 2000 stóð Rannsóknir og greining ásamt menntamálaráðuneytinu og fleiri aðilum sömuleiðis fyrir könnun á meðal framhaldsskólanema en Rannsóknir og greining á einnig

sambærileg gögn frá árinu 1992. Rannsóknin Ungt fólk frá árinu 2000 liggur til grundvallar þess samanburðar sem gerður er hér en líta má á rannsóknina Ungt fólk 2004 sem beint framhald þeirrar rannsóknar. Kannanir þessar bjóða því upp á að hægt sé að fylgjast með þróun margra þátta er snerta líf framhaldsskólanema. Á þann hátt hefur hér á landi verið byggður upp traustur þekkingargrunnur um ungt fólk á mótandi lífsskeiði.

Með rannsókn þessari hefur menntamálaráðuneytið tryggt að áfram verði hægt að vinna úr haldgóðum og samanburðarhæfum gögnum um hagi ungs fólk fyrir fjölmarga aðila. Samhliða ört vaxandi kröfum um rannsóknarmiðaða stefnumótun hafa þeir sem starfa að málefnum ungmenna um allt land nýtt sér rannsóknir í auknum mæli en allar þessar rannsóknir gefa kost á samanburði milli landssvæða og tímabila. Starfsfólk Rannsókna & greiningar, sem allt er fagfólk í fremstu röð, hefur þannig undanfarin ár þjónustað fjölmörg félög og félagasamtök, svo sem íþrótt- og æskulýðsfélög, bæjarfélög, sem og opinberar stofnanir, um áreiðanlegar rannsóknir sem þegar hafa nýst til stefnumótunar á mörgum sviðum. Er það einlæg von okkar að geta orðið áfram að liði fyrir sem flesta en menntamálaráðuneytið, í samvinnu við Rannsóknir & greiningu, hefur með rannsókninni Ungt fólk 2004 tekið mikilvægt skref í átt að því að stuðla að aukinni þekkingu á málefnum æsku landsins.

## Skólar sem tóku þátt í framhaldsskólarannsókninni haustið 2004

Borgarholtsskóli  
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra  
Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Fjölbrautaskóli Snæfellinga  
Fjölbrautaskóli Suðurnesja  
Fjölbrautaskóli Vesturlands  
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti  
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ  
Fjölbrautaskólinn við Ármúla  
Flensborgarskóli  
Framhaldsskólinn í Austur Skaftafellssýslu  
Framhaldsskólinn á Húsavík  
Framhaldsskólinn á Laugum  
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum  
Iðnskólinn í Hafnarfirði  
Iðnskólinn í Reykjavík  
Kvennaskólinn í Reykjavík  
Menntaskólinn á Akureyri  
Menntaskólinn á Egilsstöðum  
Menntaskólinn á Ísafirði  
Menntaskólinn Hraðbraut  
Menntaskólinn að Laugarvatni  
Menntaskólinn í Kópavogi  
Menntaskólinn í Reykjavík  
Menntaskólinn við Hamrahlíð  
Menntaskólinn við Sund  
Verkmenntaskóli Austurlands  
Verkmenntaskólinn á Akureyri  
Verzlunarskóli Íslands

## **Efnisyfirlit**

<b>Inngangsorð</b>	<b>1</b>
Skólar sem tóku þátt í framhaldsskólarannsókninni haustið 2004	3
<b>Efnisyfirlit</b>	<b>4</b>
<b>Yfirlit yfir myndir</b>	<b>6</b>
<b>Yfirlit yfir töflur</b>	<b>10</b>
<b>Aðferð og gögn</b>	<b>17</b>
Þátttakendur	17
Mælitæki	17
Framkvæmd og úrvinnsla gagna	18
<b>Tengsl við foreldra</b>	<b>19</b>
Samantekt úr myndum 1 til 5	23
<b>Jafningjahópurinn</b>	<b>25</b>
Samantekt úr myndum 6 til 9	28
<b>Nám, skóla- og atvinnumál</b>	<b>30</b>
Viðhorf til náms	31
Samantekt úr myndum 10 til 19	41
Framtíðarhorfur	42
Samantekt úr myndum 20 til 25	47
<b>Búseta</b>	<b>48</b>
Samantekt úr myndum 26 til 28	51
<b>Fjárhagur og efnislegar eigur</b>	<b>52</b>
<b>Íþróttir, tómstundastarf og ýmis frístundaiðja</b>	<b>55</b>
Íþróttir	56
Samantekt úr myndum 31 til 38	63
Tómstundastarf og ýmis frístundaiðja	64

Samantekt úr myndum 39 til 45 _____	71
<b>Heimildaskrá</b> _____	<b>72</b>
<b>Töflur</b> _____	<b>76</b>
Þátttakendur eftir kyni og búsetu _____	76
Tengsl við foreldra, félagsskapur og vímuefnanotkun _____	78
Jafningjahópurinn _____	89
Nám og skóli _____	92
Þættir tengdir búsetu _____	97
Íþróttir og tómstundir _____	99

## **Yfirlit yfir myndir**

<b>Mynd 1.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum haustið 2004 eftir því hvort þau telja að fjölskyldu sinni finnst mikilvægt að þau standi sig vel í náminu.....	19
<b>Mynd 2.</b>	Hlutfall stelpna og stráka í framhaldsskólum haustið 2004 eftir fullyrðingunni: Mér finnst námið of þungt. ....	20
<b>Mynd 3.</b>	Hlutfall framhaldsskólanema haustið 2004 sem telja erfitt eða auðvelt að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum eftir því hvort þeir telja námið of þungt. ....	21
<b>Mynd 4.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum haustið 2004 sem telja erfitt eða auðvelt að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum eftir fullyrðingunni: Mér líður illa í skólanum. ....	22
<b>Mynd 5.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum haustið 2004 sem segjast vera með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum. ....	23
<b>Mynd 6.</b>	Hlutfall framhaldsskólanema haustið 2004 sem finnst mikilvægt eða ekki að standa sig vel í náminu eftir fullyrðingunni: Vinum mínum finnst mikilvægt að standa sig vel í náminu.....	25
<b>Mynd 7.</b>	Hlutfall framhaldsskólanema haustið 2004 sem finnst mikilvægt eða ekki að standa sig vel í námi eftir því hversu oft þeir hafa orðið drukknir sl. 30 daga. ....	26
<b>Mynd 8.</b>	Hlutfall framhaldsskólanema haustið 2004 sem eru oftast eða alltaf með skólafélögum utan skólatíma, eða með félögum sem ekki eru í skóla, eftir því hvernig þeir telja námið hafa gengið í vetur. ....	27
<b>Mynd 9.</b>	Samanburður á hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir fullyrðingunni: Bestu vinir mínir eru í sama skóla og ég.....	28
<b>Mynd 10.</b>	Samanburður á hlutfalli framhaldsskólanema árið 2000 og 2004 sem segja tiltekna þætti hafa skipt frekar eða mjög miklu máli í vali þeirra á framhaldsskólanámi. ....	31
<b>Mynd 11.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum haustið 2004 eftir því hversu ánægð þau eru með námsárangur sinn að undanfögnu.....	32
<b>Mynd 12.</b>	Hlutfall framhaldsskólanema haustið 2004 sem reykja daglega eða sjaldnar en daglega eða ekki, eftir því hve ánægð þeir eru með námsárangur sinn að undanfögnu.....	33
<b>Mynd 13.</b>	Svefnlengd framhaldsskólanema haustið 2004 eftir því hvernig þeim finnst þeir standa sig í náminu miðað við samnemendur sína. ....	34
<b>Mynd 14.</b>	Samanburður á hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hvort þeim finnst námið vera of létt.....	35
<b>Mynd 15.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2004 eftir því hve mikilvægt þeim finnst að standa sig vel í náminu.....	36



<b>Mynd 16.</b>	Pátttaka framhaldsskólanema í félagslífi skólans síns haustið 2004 eftir því hversu vel þeir telja sig standa í náminu miðað við samnemendur sína... 37
<b>Mynd 17.</b>	Samanburður á hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2000 og 2004 eftir því hvar þau segjast aðallega fá peninga til daglegra þarfa..... 38
<b>Mynd 18.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum af höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni haustið 2004 eftir því hvað þau segjast vinna marga tíma með skólanum í viku..... 39
<b>Mynd 19.</b>	Samanburður á tíma framhaldsskólanema í launaðri vinnu í viku hverri haustið 2004 eftir því hvernig þeim finnst námið hafa gengið í vetur..... 40
<b>Mynd 20.</b>	Samanburður á hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve líklegt þau telja að þau fari í nám á háskólastigi á Íslandi að loknu framhaldsskólanámi. .... 42
<b>Mynd 21.</b>	Samanburður á hlutfalli framhaldsskólanema árin 2000 og 2004 á höfuðborgarsvæðinu og af landsbyggðinni eftir því hve líklegt þeir telja að þeir fari í nám á háskólastigi á Íslandi að loknu framhaldsskólanámi. .... 43
<b>Mynd 22.</b>	Samanburður á hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve líklegt þau telja að þau fari í nám á Íslandi sem ekki er á háskólastigi að loknu framhaldsskólanámi. .... 44
<b>Mynd 23.</b>	Samanburður á hlutfalli framhaldsskólanema á höfuðborgarsvæðinu og af landsbyggðinni árin 2000 og 2004 eftir því hve líklegt þeir telja að þeir fari í nám á Íslandi sem ekki er á háskólastigi að loknu framhaldsskólanámi. .... 45
<b>Mynd 24.</b>	Samanburður á hlutfalli framhaldsskólanema á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni árin 2000 og 2004 eftir því hve líklegt þeir telja að þeir fari að vinna að loknu framhaldsskólanámi. .... 46
<b>Mynd 25.</b>	Samanburður á hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve líklegt þau telja að þau myndu hætta í námi nú ef gott atvinnutækifæri byðist. .... 47
<b>Mynd 26.</b>	Samanburður á hlutfalli nemenda í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni árin 2000 og 2004 eftir því hvar þeir vildu helst búa..... 48
<b>Mynd 27.</b>	Hlutfall framhaldsskólanema af höfuðborgarsvæðinu og af landsbyggðinni haustið 2004 eftir því hvar þeir telja tekjumöguleika sína mesta í framtíðinni..... 49
<b>Mynd 28.</b>	Hlutfall framhaldsskólanema af höfuðborgarsvæðinu og af landsbyggðinni haustið 2004 eftir því hvar þeir telja auðveldast að fá vinnu..... 50
<b>Mynd 29.</b>	Samanburður á hlutfalli framhaldsskólanema á höfuðborgarsvæðinu og af landsbyggðinni árin 2000 og 2004 eftir því hvort þeir telja sig hafa nægilega peninga til daglegra þarfa. .... 52

<b>Mynd 30.</b>	Hlutfall nemenda í framhaldsskólum haustið 2004 eftir því hvort tilteknar efnislegar eigur eru í eigu þeirra sjálfra eða heimilisins. ....	53
<b>Mynd 31.</b>	Samanburður á iðkun íþrótta og líkamsræktar stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004.....	56
<b>Mynd 32.</b>	Samanburður á þátttöku stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 í íþróttum með íþróttafélagi (þeir sem æfa eða keppa). ....	57
<b>Mynd 33.</b>	Samanburður á þátttöku nemenda í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 í íþróttum með íþróttafélagi (þeir sem æfa eða keppa), eftir búsetu. ....	58
<b>Mynd 34.</b>	Samanburður á íþrótta- og líkamsræktarástundun framhaldsskólanema haustið 2004 og því hversu góða þeir telja andlega heilsu sína. ....	59
<b>Mynd 35.</b>	Hlutfallsleg þátttaka framhaldsskólanema í íþróttum og líkamsrækt haustið 2004 eftir því hvort þeir reykja daglega.....	60
<b>Mynd 36.</b>	Samanburður á hlutfalli framhaldsskólanema árin 2000 og 2004 sem stunda eftirtaldar íþróttir einu sinni í viku eða oftar: Handbolta, fótbolta, körfubolta, frjálsar íþróttir, sund, jaðaríþróttir eða líkamsrækt. ....	61
<b>Mynd 37.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum haustið 2004 eftir því hvort þau hafa einhvern tíma stundað íþróttir (æft eða keppt) með íþróttafélagi... .....	62
<b>Mynd 38.</b>	Þeir þættir sem skiptu mestu máli í þeirri ákvörðun meðal stráka og stelpna haustið 2004 að hætta að stunda íþróttir með íþróttafélagi. ....	63
<b>Mynd 39.</b>	Hlutfall stráka og stelpna af höfuðborgarsvæðinu og af landsbyggðinni haustið 2004 eftir því hve oft þau taka þátt í skipulögðu tómstundastarfi. ....	64
<b>Mynd 40.</b>	Hlutfall stráka og stelpna árið 2000 og 2004 sem sækja leikhús, klassíska tónleika, aðra tónleika en klassíska og/eða söfn eða listasýningar einu sinni í mánuði eða oftar.....	65
<b>Mynd 41.</b>	Samanburður á hlutfalli framhaldsskólanema árin 2000 og 2004 sem stunda/sækja eitthvað af eftirtöldu nokkrum sinnum í mánuði eða oftar: Félagsmiðstöð, tónlistarnám, myndlistarnám, skátastarf, ungliðastarf björgunarsveita, hestamennsku, æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar eða annarra trúfélaga. ....	66
<b>Mynd 42.</b>	Kynjahlutföll haustið 2004 meðal þeirra sem stunda a.m.k. vikulega: (1) Skátastarf, ungliðastarf björgunarsveita eða ungmennastarf Rauða krossins, (2) böll í félagsmiðstöð eða skóla, félagsmiðstöð að undanskildum böllum/diskóum, eða félagsstarf í skóla að undanskildum böllum og diskóum, (3) tónlistarnám, lúðrasveit, skólahljómsveit eða tónlistarskólahljómsveit, eða myndlistarnám og (4) íþróttir með íþróttafélagi. ....	67
<b>Mynd 43.</b>	Samanburður á hlutfalli framhaldsskólanema árin 2000 og 2004 sem sækja bíó, kaffihús, partí og bari eða skemmtistaði, mánaðarlega eða oftar. ....	68

<b>Mynd 44.</b>	Hlutfall nemenda í framhaldsskólum haustið 2004 sem reykja daglega eftir því hve oft þeir stunda skipulagt og óskipulagt tónlistarstarf. ....	69
<b>Mynd 45.</b>	Samanburður á hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 sem nota 4 klst. eða meira á viku í að lesa eitthvað af eftirfarandi: Bækur aðrar en skólabækur, teiknimyndabækur eða blöð, dagblöð eða tímarit. ....	70

## ***Yfirlit yfir töflur***

<b>Tafla 1.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni árin 2000 og 2004.....	76
<b>Tafla 2.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hvar þau ólust upp.....	76
<b>Tafla 3.</b>	Hlutfall stráka og stelpna árin 2000 og 2004 eftir því hvar þau bjuggu þegar kannanirnar voru lagðar fyrir.....	77
<b>Tafla 4.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau horfa á sjónvarp með foreldrum sínum (spurt var hve oft þau horfðu með fjölskyldu sinni árið 2000). .....	78
<b>Tafla 5.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau horfa á vídeó með foreldrum sínum (spurt var hve oft þau horfðu með fjölskyldu sinni árið 2000). .....	79
<b>Tafla 6.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau fara í bíó eða leikhús með foreldrum sínum (spurt var hve oft þau færu með fjölskyldu sinni árið 2000). .....	79
<b>Tafla 7.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda íþróttir eða útivist með foreldrum sínum (spurt var hve oft þau stunduðu slíkt með fjölskyldu sinni árið 2000). .....	79
<b>Tafla 8.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau spila tölvuleiki með foreldrum sínum (spurt var hve oft þau spiluðu með fjölskyldu sinni árið 2000). .....	80
<b>Tafla 9.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau eiga í samræðum við foreldra sína (spurt var hve oft þau áttu í samræðum við fjölskyldu sína árið 2000).....	80
<b>Tafla 10.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau fara í ferðalög með foreldrum sínum (spurt var hve oft þau færu með fjölskyldu sinni árið 2000).....	80
<b>Tafla 11.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau fara út að keyra með foreldrum sínum (spurt var hve oft þau færu með fjölskyldu sinni árið 2000).....	81
<b>Tafla 12.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau fara á kaffihús/matsölustaði/bari með foreldrum sínum (spurt var hve oft þau færu með fjölskyldu sinni árið 2000).....	81
<b>Tafla 13.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau fara í heimsókn til ættingja eða vina með foreldrum sínum (spurt var hve oft þau færu með fjölskyldu sinni árið 2000). .....	81

<b>Tafla 14.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve auðvelt þau telja að fá foreldra sína í samræður um persónuleg málefni (spurt var hversu auðvelt væri að fá slíkt hjá fjölskyldunni árið 2000). ...	82
<b>Tafla 15.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hvort þau telja að þau hafi engan til að tala við. ....	82
<b>Tafla 16.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hvort þau telja að þau eigi erfitt með að eignast vini. ....	82
<b>Tafla 17.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hvort þau telja að þau séu einmana. ....	83
<b>Tafla 18.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau hafa reykt að jafnaði sl. 30 daga. ....	83
<b>Tafla 19.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau hafa notað munntóbak um ævina. ....	83
<b>Tafla 20.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau hafa notað neftóbak um ævina. ....	84
<b>Tafla 21.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau hafa orðið drukkin sl. 30 daga. ....	84
<b>Tafla 22.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft um ævina þau hafa notað svefntöflur eða róandi lyf án lyfseðils læknis. ....	84
<b>Tafla 23.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft um ævina þau hafa notað hass. ....	85
<b>Tafla 24.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft um ævina þau hafa notað amfetamín (spítt). ....	85
<b>Tafla 25.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft um ævina þau hafa notað LSD (sýru). ....	85
<b>Tafla 26.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft um ævina þau hafa notað E-töflur. ....	86
<b>Tafla 27.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft um ævina þau hafa notað kókaín. ....	86
<b>Tafla 28.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft um ævina þau hafa notað sveppi sem vímuefni. ....	86
<b>Tafla 29.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft um ævina þau hafa drukkið heimabrugg/landa. ....	87
<b>Tafla 30.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft um ævina þau hafa notað anabólíska stera. ....	87
<b>Tafla 31.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft um ævina þau hafa sniffað (t.d. lím). ....	87

<b>Tafla 32.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum haustið 2004 eftir því hve oft þau hafa spilað að jafnaði í söfnunarkassa.....	88
<b>Tafla 33.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau horfa á sjónvarp með vinum sínum.....	89
<b>Tafla 34.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau horfa á vídeó með vinum sínum.....	89
<b>Tafla 35.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau fara í bíó eða í leikhús með vinum sínum.....	90
<b>Tafla 36.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda íþróttir eða útivist með vinum sínum.....	90
<b>Tafla 37.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau spila tölvuleiki með vinum sínum.....	90
<b>Tafla 38.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau fara í ferðalög með vinum sínum.....	91
<b>Tafla 39.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau fara á kaffihús/matsölastaði/bari með vinum sínum.....	91
<b>Tafla 40.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau fara í heimsókn til vina með vinum sínum.....	91
<b>Tafla 41.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hvernig þeim líkar í skólanum.....	92
<b>Tafla 42.</b>	Hlutfall nemenda á höfuðborgarsvæðinu og af landsbyggðinni árin 2000 og 2004 eftir því hvernig þeim líkar í skólanum.....	93
<b>Tafla 43.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve mikilvægt þeim finnst skólanámið vera.....	93
<b>Tafla 44.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve miklum tíma þau verja venjulega í heimavinnu á hverjum degi.....	93
<b>Tafla 45.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum haustið 2004 eftir því á hvaða stöðum þau stunda helst heimanám.....	94
<b>Tafla 46.</b>	Hlutfall nemenda úr framhaldsskólum árin 2000 og 2004 af höfuðborgarsvæðinu og af landsbyggðinni eftir því hvort þeir eru sammála eða ósammála því að framhaldsskólar verði fartölvuvæddir með því að hver nemandi kaupir sína tölvu.....	94
<b>Tafla 47.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve vel á við um þau að þeim finnist námið tilgangslaust.....	94
<b>Tafla 48.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve vel á við um þau að þeim leiðist námið.....	95
<b>Tafla 49.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve vel á við um þau að þeim finnist þau illa búin undir kennslustundir.....	95

<b>Tafla 50.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve vel á við um þau að þau langi að hætta í skólanum. ....	95
<b>Tafla 51.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve vel á við um þau að þeim semji illa við kennarana. ....	96
<b>Tafla 52.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve vel á við um þau að þeim finnist þau vera lögð í einelti í skólanum..	96
<b>Tafla 53.</b>	Hlutfall stráka og stelpna af höfuðborgarsvæðinu og af landsbyggðinni haustið 2004 eftir því hvort foreldrar þeirra búa í sama sveitarfélagi og þau. ....	97
<b>Tafla 54.</b>	Hlutfall framhaldsskólanema af höfuðborgarsvæðinu ( <b>H</b> ) og landsbyggðinni ( <b>L</b> ) haustið 2004 eftir því hvernig þeir ferðast til og frá skóla. ....	98
<b>Tafla 55.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda íþróttir eða æfingar, hvorki á vegum skólans né íþróttafélaga. ....	100
<b>Tafla 56.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda handbolta. ....	100
<b>Tafla 57.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda fótbolta.....	100
<b>Tafla 58.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda körfubolta. ....	101
<b>Tafla 59.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda blak. ....	101
<b>Tafla 60.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda fimleika.....	101
<b>Tafla 61.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda frjálssar íþróttir.....	101
<b>Tafla 62.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda tennis, badminton eða veggtennis.....	102
<b>Tafla 63.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda sund.....	102
<b>Tafla 64.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda skíði eða gönguskíði.....	102
<b>Tafla 65.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda snjóbretti. ....	102
<b>Tafla 66.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda skauta (annað en íshokki). ....	103
<b>Tafla 67.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda íshokki. ....	103

<b>Tafla 68.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda júdó, karate, eða jujitsu.....	103
<b>Tafla 69.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda erobik, tæbó eða kickbox.....	103
<b>Tafla 70.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda siglingar (á bátum eða brettum).....	104
<b>Tafla 71.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda golf.....	104
<b>Tafla 72.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda hjólabretti.....	104
<b>Tafla 73.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda línuskauta (eða hjólaskauta). ....	104
<b>Tafla 74.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda hlaup. ....	105
<b>Tafla 75.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda klettaklifur eða inniklifur.....	105
<b>Tafla 76.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda mótorsport.....	105
<b>Tafla 77.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda box. ....	105
<b>Tafla 78.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda ballett eða djassballett.....	106
<b>Tafla 79.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda böll í félagsmiðstöð eða skóla. ....	106
<b>Tafla 80.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda félagsmiðstöðvar að undanskildum böllum og diskóum. .....	106
<b>Tafla 81.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda félagsstarf í skóla að undanskildum böllum og diskóum.....	107
<b>Tafla 82.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda hljómsveit með nokkrum vinum/vinkonum sínum...	107
<b>Tafla 83.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda tónlistarnám. ....	107
<b>Tafla 84.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda lúðrasveit/skólahljómsveit/tónlistarskólahljómsveit.	108
<b>Tafla 85.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda myndlistarnám. ....	108



<b>Tafla 86.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda hannyrðir, fatasaum eða fatahönnun.....	108
<b>Tafla 87.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda förðun eða hárgreiðslu.....	109
<b>Tafla 88.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda leiklist.....	109
<b>Tafla 89.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda samkvæmisdansa.....	109
<b>Tafla 90.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda skátastarf.....	110
<b>Tafla 91.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda ungliðastarf björgunarsveita.....	110
<b>Tafla 92.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda ungmennastarf Rauða krossins.....	110
<b>Tafla 93.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda hestamennsku.....	111
<b>Tafla 94.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda skák.....	111
<b>Tafla 95.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum haustið 2004 eftir því hve miklum tíma þau verja að jafnaði daglega í að horfa á sjónvarp/vídeó/DVD.....	111
<b>Tafla 96.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve miklum tíma þau verja að jafnaði daglega í að spila tölvuleiki.....	112
<b>Tafla 97.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve miklum tíma þau verja að jafnaði daglega á netinu.....	112
<b>Tafla 98.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum haustið 2004 eftir því hve miklum tíma þau verja að jafnaði daglega í að blogga.....	112
<b>Tafla 99.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum haustið 2004 eftir því hve miklum tíma þau verja að jafnaði daglega í að lana.....	113
<b>Tafla 100.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau fara í bíó.....	113
<b>Tafla 101.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau fara á kaffihús.....	113
<b>Tafla 102.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau fara í bæinn að kvöldi til.....	114
<b>Tafla 103.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau fara í partí.....	114
<b>Tafla 104.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau fara í leikhús.....	115

<b>Tafla 105.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau fara á klassíska tónleika. ....	115
<b>Tafla 106.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau fara á aðra tónleika en klassíska tónleika.....	116
<b>Tafla 107.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau fara á söfn eða listasýningar.....	116
<b>Tafla 108.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau fara á bari eða skemmtistaði. ....	117
<b>Tafla 109.</b>	Hlutfall stráka og stelpna á höfuðborgarsvæðinu og af landsbyggðinni í framhaldsskólum haustið 2004 eftir því hvort þau hafa farið á útihátíð um verslunarmannahelgina. ....	117
<b>Tafla 110.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve margar klst. þau nota að jafnaði á viku í að lesa bækur aðrar en skólabækur. ....	117
<b>Tafla 111.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve margar klst. þau nota að jafnaði á viku í að lesa teiknimyndabækur/teiknimyndablöð. ....	118
<b>Tafla 112.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve margar klst. þau nota að jafnaði á viku í að lesa dagblöð. ....	118
<b>Tafla 113.</b>	Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve margar klst. þau nota að jafnaði á viku í að lesa tímarit. ....	118

## **Aðferð og gögn**

Rannsóknir Rannsókna & greiningar eru þýðisrannsóknir en í því felst að þær eru ekki byggðar á hefðbundnum úrtökum heldur er reynt að ná til sem flestra í úrtaksrammanum innan þýðisins. Þetta er gert með því að leggja spurningalista fyrir alla nemendur sem mættir eru til skóla á tilteknum degi með það að leiðarljósi lágmarka öryggismörk niðurstaðnanna. Niðurstöður þessara kannana eru því mjög áreiðanlegar, hvort sem litið er til tiltekinna landssvæða og/eða mismunandi hópa.

### **Þátttakendur**

Niðurstöður þær sem birtar eru í þessari skýrslu, sem unnin er fyrir menntamálaráðuneyti á vormánuðum 2005, eru byggðar á könnunum sem Rannsóknir & greining lagði fyrir nemendur í framhaldsskólum á Íslandi í október árið 2000 og í sama mánuði árið 2004. Þátttakendur voru þeir nemendur framhaldsskólanna sem mættir voru í kennslustundir á þeim tíma sem kannanirnar voru lagðar fyrir. Spurningalistar voru lagðir fyrir nemendur í öllum framhaldsskólum á Íslandi (sjá nöfn skólanna á bls. 2).<sup>1</sup> Árið 2000 fengust gild svör frá 8702 nemendum af heildar þýðinu, þar af voru 4028 strákar og 4615 stelpur, en 59 nemendur gáfu ekki upp kyn sitt. Svarhlutfall var því 70,5% allra nemenda framhaldsskóla sem skráðir voru í kennslustundir á fyrirlagnartíma. Árið 2004 fengust gild svör frá 11031 nemendum af þýðinu og voru strákar 5279 en stelpur 5617. Alls gáfu 135 ekki upp kyn sitt. Samkvæmt þessu var svarhlutfall því 80,9% í könnuninni árið 2004.

### **Mælitæki**

Mælitæki þessara kannana eru ítarlegir spurningalistar sem hafa verið þróaðir ár frá ári, fyrst af starfsfólki Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála en á síðari árum af Rannsóknum & greiningu. Spurningarnar eru mótaðar af fagfólki í félagsvísindum þar sem farið er eftir ströngum kröfum um að þær geti af sér öruggar niðurstöður, að

---

<sup>1</sup> Þar sem í könnuninni er lögð áhersla á að kanna hagi ungmenna á framhaldsskólaaldri voru nemendur í kvöldnámi eða fjarnámi undanskildir.

áreiðanleiki og réttmæti sé ávallt í fyrirrúmi. Spurningalistinn fyrir árið 2000 inniheldur 151 spurningu í mismunandi mörgum liðum á 45 blaðsíðum en listinn árið 2004 inniheldur 170 spurningar á 53 síðum. Skalar eru gjarnan notaðir sem svarmöguleikar við spurningum til að auka réttmæti spurninganna. Svonefndur Likert-skali<sup>2</sup> er þar áberandi.

### **Framkvæmd og úrvinnsla gagna**

Framkvæmd beggja kannananna var þannig háttáð að spurningalistarnir voru sendir til allra skóla landsins þar sem kennarar sáu um að leggja þá fyrir og gerðu svo eftir ákveðnum fyrirmælum. Nafnleyndar þátttakenda var gætt með því að ítreka það fyrir nemendum að hvorki bæri að rita nafn né kennitölu á svarblöðin svo útilokað væri að rekja svörin til þeirra. Einnig voru nemendur vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu samvisku og að biðja um hjálp ef þörf var á. Í skýrslunni er lýsandi tölfræði sett fram í myndum og töflum með hlutföllum og krosskeyrslum breyta. Of langt mál er að telja hér upp allar þær spurningar sem notaðar eru í skýrslunni eða hvernig einstakar breytur eru kóðaðar en áhugasömum er bent á að hafa samband við Rannsóknir & greiningu ef nákvæmari skýringa er óskað.


---

<sup>2</sup> Sjá nánar: De Vaus 2002.

## Tengsl við foreldra

Fjölmargar rannsóknir, sem gerðar hafa verið á undanförunum árum og áratugum, benda til þess að tengsl unglunga við foreldra sína skipti afar miklu máli fyrir framvindu lífs þeirra sem og samverustundir fjölskyldunnar.<sup>3</sup> Hafa rannsóknir þannig sýnt að þeir unglingar sem verja miklum tíma með foreldrum sínum og/eða eru vel tengdir þeim eru ólíklegri en aðrir unglingar til að leiðast út í notkun vímuefna lendi þeir í félagsskap þar sem vímuefnaneysla er algeng.<sup>4</sup> Einnig hefur verið sýnt fram á að viðhorf unglunga eru líklegri til að líkjast viðhorfum foreldranna ef sterk tengsl eru á milli þeirra.<sup>5</sup> Þess utan eru unglingar sem eiga stöðug og jákvæð samskipti við foreldra sína, og fá mikinn stuðning frá þeim, líklegri til að ganga vel í skóla<sup>6</sup> og eignast vini þar sem svipað samskiptamynstur er uppi á teningnum.<sup>7</sup>

Á myndum 1 til 5 má sjá hvernig samband unglunga við foreldra tengist viðhorfum þeirra og lífi innan skólaumhverfisins.



**Mynd 1.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum haustið 2004 eftir því hvort þau telja að fjölskyldu sinni finnist mikilvægt að þau standi sig vel í náminu.

<sup>3</sup> Krohn og Massey 1980; Krohn o.fl. 1984; Moncher og Miller 1999; Warr, 1993.


<sup>4</sup> Bachman o.fl. 1987.

<sup>5</sup> Gorman 1998.

<sup>6</sup> de Bruyn o.fl. 2003.


<sup>7</sup> Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998.

Á mynd 1 kemur fram að svo til sama hlutfall stráka og stelpna telja að fjölskyldu sinni þyki mikilvægt að þau standi sig vel í náminu. Einnig að langsamlega flestir, eða yfir 98% beggja kynja, segjast mjög eða fremur sammála því að fjölskyldu sinni finnist mikilvægt að þau standi sig vel í náminu. Á heildina litið má því ætla að foreldrar og/eða forráðamenn framhaldsskólanema telji námið mikilvægt óháð kynferði nemenda.




**Mynd 2.** Hlutfall stelpna og stráka í framhaldsskólum haustið 2004 eftir fullyrðingunni: Mér finnst námið of þungt.

Á mynd 2 má sjá að fáum strákum og stelpum finnst námið nær alltaf of þungt. Einungis 2,0% stráka svara á þann veg og 2,5% stelpnanna. Hins vegar telja yfir 16% stráka að það eigi oft við um þá að þeim finnst námið of þungt og rúm 19% stelpna svara fullyrðingunni með þessum hætti. Hlutfallslega flestir, eða 46,5% stráka og 49,4% stelpna, segja að fullyrðingin „mér finnst námið of þungt“ eigi stundum við sig. Þá segja heldur fleiri strákar (35,1%) en stelpur (28,7%) það eiga sjaldan eða nær aldrei við sig að námið sé of þungt.



**Mynd 3.** Hlutfall framhaldsskólanema haustið 2004 sem telja erfitt eða auðvelt að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum eftir því hvort þeir telja námið of þungt.


Á mynd 3 má sjá að þeir nemendur sem eiga auðveldara með að fá stuðning heima fyrir í formi ráðlegginga varðandi námið, telja síður að námið sé of þungt. Munurinn er að vísu minni en þekkt meðal yngri nemenda (til dæmis í 9. og 10. bekk) en þó vel merkjanlegur. Myndin sýnir að 24,3% nemenda í framhaldsskólum, sem eiga erfitt með að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum, telja það eiga nær alltaf eða oft við sig að námið sé of þungt en sambærilegt hlutfall er talsvert lægra (19,5%) meðal þeirra nemenda sem telja auðvelt að fá hjálp við námið heima fyrir. Á sama hátt má sjá að í hópi þeirra nemenda sem telja þá fullyrðingu eiga stundum, sjaldan eða nær aldrei við þá að námið sé of þungt, eru þeir nemendur heldur fleiri sem eiga auðvelt með að fá ráðleggingar um námið hjá foreldrum en þeir nemendur sem erfiðlega gengur að fá ráðleggingar.



**Mynd 4.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum haustið 2004 sem telja erfitt eða auðvelt að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum eftir fullyrðingunni: Mér líður illa í skólanum.

Á mynd 4 sjáum við tengsl sem svipar til þeirra sem voru birt á mynd 3 nema að hér er umhyggja og hlýja og líðan í skóla í fyrirrúmi. Fram kemur að þeir nemendur sem telja erfitt að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum eru líklegri til þess að líða illa í skólanum en þeir nemendur sem telja auðvelt að fá slíka umhyggju og hlýju. Segjast þannig 15,8% þessara nemenda það eiga nær alltaf eða oft við sig að þeim líði illa í skólanum en samsvarandi hlutfall er aðeins 4,7% meðal þeirra sem telja auðvelt að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum. Enn fremur segja fleiri í hópi þeirra sem telja erfitt að fá umhyggju og hlýju hjá foreldrum sínum að það eigi stundum við sig að þeim líði illa í skólanum, eða 17,2% á móti 11,3% þeirra sem telja það auðvelt að fá umhyggju og hlýju hjá foreldrum. Þá telja álíka margir í báðum hópum að fullyrðingin um líðan í skóla eigi sjaldan við sig. Hins vegar segja 36,7% þeirra sem eiga erfitt með að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum að það eigi nær aldrei við um þá að þeim líði illa í skólanum en þetta hlutfall er 56,0% meðal þeirra sem telja auðvelt að fá umhyggju og hlýju heima fyrir. Tengsl unglunga við foreldra sína hafa því greinileg áhrif utan heimilisins.





**Mynd 5.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum haustið 2004 sem segjast vera með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum.

Að síðustu má sjá mynd sem sýnir þann tíma sem strákar og stelpur verja með foreldrum sínum utan skólans á virkum dögum. Myndin sýnir að stelpur eru meira með foreldrum sínum en strákar. Segjast þannig 18,4% stelpnanna oft eða nær alltaf vera með foreldrum sínum utan skóla á virkum dögum en rétt rúm 12% strákanna. Stelpur eru líka hlutfallslega fleiri í þeim hópi sem segjast stundum vera með foreldrum sínum utan skóla á virkum dögum, eða 33,3% á móti 26,5% strákanna. Hins vegar segjast rúm 60% strákanna sjaldan eða nær aldrei vera með foreldrum sínum utan skólans á virkum dögum en rúm 48% stelpnanna. Þetta er í samræmi við niðurstöður margra rannsókna sem sýna að tengsl stelpna við foreldra séu sterkari en tengsl stráka í samfélaginu.

### Samantekt úr myndum 1 til 5


Samantekt úr myndum 1 til 5 ber með sér að nánast allir framhaldsskólanemar telja að fjölskyldu sinni finnist mikilvægt að þeir standi sig vel í náminu, en örlítið fleiri stelpur en strákar telja námið of þungt. Þeir sem eiga auðvelt með að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum telja síður en þeir sem eiga erfiðara með að fá slíkar ráðleggingar að námið sé of þungt. Á sama hátt líður þeim sem eiga auðvelt með að fá umhyggju og hlýju hjá foreldrum sínum síður illa í skólanum en þeim sem gengur verr að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum. Að auki kemur fram að stelpur í framhaldsskólum

verja meiri tíma með foreldrum sínum á virkum dögum en strákar. Tölur 4 til 32 á bls. 78-88 innihalda fleiri niðurstöður um tengsl framhaldsskólanema við foreldra, félagsskap þeirra ásamt hlutföllum yfir vímuefnanotkun.

## Jafningjahópurinn

Áhrif jafningjahópsins á líf unglunga er eitt af því sem mest hefur verið kannað í rannsóknum sem beinast að ungmenum. Almennt sýna þær að áhrif jafningjahópsins eru mikil og að viðmið og gildi hópsins eru sterkustu þættirnir sem fram koma þegar spá á fyrir um tiltekna hegðun innan hans, svo sem ýmiskonar áhættuhegðun.<sup>8</sup> Námsárangur er engin undantekning þegar kemur að því að meta áhrif jafningjahópsins. Unglingar sem eiga vini og félagar sem gengur vel í námi eru líklegri en aðrir til að ganga einnig vel í því.<sup>9</sup> Að sama skapi eru þeir nemendur líklegir til að sýna lakan námsárangur sem eiga félagar sem eru slakir í námi og sama á við um nemendur sem umgangast hóp jafningja þar sem námsárangur er ekki álitinn mikilvægur.

Á myndum 6 til 9 má nokkur dæmi um tengsl jafningjahópsins og námsframvindu í lífi unglunga.




**Mynd 6.** Hlutfall framhaldsskólanema haustið 2004 sem finnst mikilvægt eða ekki að standa sig vel í náminu eftir fullyrðingunni: Vinum mínum finnst mikilvægt að standa sig vel í náminu.

<sup>8</sup> Altermatt og Pomerantz 2005; Bowker o.fl. 2000; Carter o.fl. 2003; Cohen 1955; Treiman og Beck 1996; Sutherland og Cressey 1978; Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998.

<sup>9</sup> Zettergren 2003.


Á mynd 6 kemur fram að 84,7% þeirra framhaldsskólanema sem finnst mikilvægt að standa sig vel í námi segjast mjög eða fremur sammála þeirri fullyrðingu að vinum þeirra finnst mikilvægt að standa sig vel í náminu. Þetta hlutfall er mun lægra, eða 52,8%, meðal þeirra sem finnst ekki mikilvægt að standa sig vel í náminu. Að sama skapi segjast aðeins 15,2% þeirra sem finnst mikilvægt að standa sig vel í náminu vera fremur eða mjög ósammála því að vinum þeirra finnst mikilvægt að standa sig vel í námi, en sambærilegt hlutfall er 47,1% meðal þeirra sem finnst ekki mikilvægt að standa sig vel í náminu. Þessar niðurstöður eru í samræmi við aðrar rannsóknir.



**Mynd 7.** Hlutfall framhaldsskólanema haustið 2004 sem finnst mikilvægt eða ekki að standa sig vel í námi eftir því hversu oft þeir hafa orðið drukknir sl. 30 daga.


Á mynd 7 skoðum við áfengisneyslu meðal þeirra nemenda sem finnst mikilvægt að standa sig vel í náminu og sömuleiðis meðal þeirra sem finnst námsárangur ekki mikilvægur. Fram kemur að 37,6% þeirra sem finnst mikilvægt að standa sig vel í náminu hafa ekki orðið drukknir síðastliðna 30 daga en samsvarandi hlutfall meðal þeirra sem finnst ekki mikilvægt að standa sig vel í náminu er 32,5%. Þeim sem finnst mikilvægt að standa sig vel í náminu eru einnig hlutfallslega fleiri meðal þeirra sem hafa orðið drukknir einu sinni til tvisvar síðastliðna 30 daga, eða 36,3% á móti 25,2% þeirra sem finnst ekki mikilvægt að standa sig vel í náminu. Mestur er munurinn þó meðal þeirra

sem hafa orðið drukknir þrisvar eða oftar undanfarna 30 daga. Í þeim hópi eru 26,1% þeirra sem finnst mikilvægt að standa sig vel í náminu en 42,3% þeirra sem finnst ekki mikilvægt að standa sig vel í því. Erfitt er að segja til um hvort áfengisneysla hafi bein áhrif á viðhorf til náms út frá þessum niðurstöðum. Hins vegar er ljóst að það einkennir þann hóp sem finnst námið síður mikilvægt að hlutfallslega fleiri úr þeim hópi hafa orðið drukknir oftast síðastliðna 30 daga en meðal annarra nemenda.



**Mynd 8.** Hlutfall framhaldsskólanema haustið 2004 sem eru oftast eða alltaf með skólafélögum utan skólatíma, eða með félögum sem ekki eru í skóla, eftir því hvernig þeir telja námið hafa gengið í vetur.

Á mynd 8 má sjá að það virðist skipta litlu máli fyrir námsárangur (að mati nemendanna sjálfra) hvort framhaldsskólanemar eru oft eða alltaf með skólafélögum eða félögum sem ekki eru í skóla utan skólatíma. Örlítið hærra hlutfall meðal þeirra sem eru oft eða alltaf með skólafélögum utan skólatíma telja að námið hafi gengið mjög eða fremur vel í vetur en meðal þeirra sem eru oft eða alltaf með félögum sem ekki eru í skóla utan skólatíma, eða 76,6% á móti 74,2%. Það hvort félagarnir eru í skóla eða ekki hefur því lítil tengsl við námsárangur framhaldsskólanema, eins og hann er mældur hér.



**Mynd 9.** Samanburður á hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir fullyrðingunni: Bestu vinir mínir eru í sama skóla og ég.

Á mynd 9 kemur fram að lítill munur er á milli árunna 2000 og 2004 á því hvort strákar og stelpur í framhaldsskólum segja bestu vini sína vera í sama skóla og þau. Eins og sjá má sagði meirihluti stráka og stelpna það eiga frekar eða mjög illa við sig að bestu vinir þeirra væru í sama skóla árið 2000 og raunin er sú sama árið 2004. Einnig má sjá á myndinni að fleiri strákar og stelpur segja bestu vini sína vera í sama skóla árið 2004 en það gerðu árið 2000. Hér hefði ef til vill mátt búast við að fjarlæg vinatengsl hefðu aukist þar sem netvæðing undanfarinna ára hefur getið af sér fleiri samskiptamöguleika en áður hefur þekkt. Engu að síður virðist raunin sú að nemendur segja bestu vinina hlutfallslega oftar vera í sama skóla árið 2004 miðað við árið 2000. Skólinn heldur því áfram að gegna mikilvægu félagslegu hlutverki í uppbyggingu vinatengsla árið 2004 eins og áður. Innbyrðis munur milli kynja er lítill sem enginn.

### Samantekt úr myndum 6 til 9

Samantekt úr myndum 6 til 9 ber með sér að jafningjahópur framhaldsskólanema tengist lífsstíl þeirra. Þeir sem eiga vini sem finnast mikilvægt að standa sig vel í námi eru líklegri en aðrir til að standa sig vel að sama skapi. Þeim sem finnast ekki mikilvægt að standa sig

vel í námi eru líklegri en aðrir til að hafa orðið drukknir þrisvar eða oftár á síðastliðnum 30 dögum. Þá virðist litlu máli skipta fyrir námsárangur (metnum af nemendum sjálfum) hvort þeir félagar sem framhaldsskólanemar umgangast utan skólatíma eru í skóla eða ekki. Meirihluti framhaldsskólanema segir það svo ekki eiga við sig að bestu vinir þeirra séu í sama skóla og þeir. Í töflum 33 til 40 á bls. 89-91 má sjá hlutföll yfir fleiri þætti sem tengjast jafningjahópnum.

## **Nám, skóla- og atvinnumál**

Framhaldsskólinn er vinnustaður fjölmargra unglunga og innan umhverfis hans verja margir þeirra drjúgum tíma á aldrinum sextán ára og fram undir og yfir tvítugt. Félagsleg þróun er mikil og hröð á framhaldsskólaárunum og gegnir skólinn því margþættu hlutverki. Margir eignast vini og/eða féлага ævilangt og er félagsskapur sammendanna mikilvægur hluti þess að vera í framhaldsskóla. Rannsóknir sýna að lífsstíll unglunga á þessum árum er sterklega tengdur námsárangri þeirra og að líðan í skóla, viðhorf til náms, og áhættuhegðun svo sem áfengisnotkun og reykingar, eru þættir sem tengjast námsárangri.<sup>10</sup> Enn fremur sýna rannsóknir að áhrifin af stuðningi foreldra og skólafélaga eru mikilvæg á framhaldsskólaárunum.<sup>11</sup>

Myndir 10 til 16 sýna tengsl ýmissa þátta í lífi framhaldsskólanema er varða viðhorf til náms og lífsstíl þeirra. Á myndum 17 til 19 má sjá hvaðan framhaldsskólanemar fá aðallega peninga til daglegra þarfa, hversu mikið þeir vinna með námi og hvernig það tengist námsárangri þeirra. Myndir 20 til 24 sýna svo samanburð milli árána 2000 og 2004 á hugmyndum unglunga um líkur á námi og/eða vinnu að framhaldsskóla loknum og mynd 25 sýnir slíkan samanburð á þeim sem myndu vilja hætta í námi þá og þegar, ef gott atvinnutækifæri byðist.


---

<sup>10</sup> Crosnoe o.fl. 2002; Lahelma 2002; Roeser o.fl. 1996; Smerdon 2002.

<sup>11</sup> Colarossi 2001; Finnbogi Gunnarsson o.fl. 1996; Jón Gunnar Bernburg og Rannveig Þórisdóttir 1997.




## Viðhorf til náms




**Mynd 10.** Samanburður á hlutfalli framhaldsskólanema árið 2000 og 2004 sem segja tiltekna þætti hafa skipt frekar eða mjög miklu máli í vali þeirra á framhaldsskólanámi.

Á mynd 10 eru bornir saman ýmsir þættir sem framhaldsskólanemar telja mikilvæga í vali sínu á skóla árin 2000 og 2004. Flestir sögðu áhuga á náminu skipta miklu bæði árin (73,0% árið 2000 og 67,5% árið 2004). Árið 2000 sögðu næstflestir ímynd skólans skipta miklu máli í vali þeirra á framhaldsskóla (50,2%) en árið 2004 segja á hinn bóginn næstflestir að nálægð skólans skipti miklu máli (51,6%). Þetta kemur töluvert á óvart þar sem möguleikar á hreyfanleika milli skóla eftir hverfum hafa aukist síðastliðin ár. Það veður athygli að 46,2% nemenda sögðu árið 2000 að möguleikar til starfsnáms skiptu miklu máli en 40,4% segja þennan þátt skipta miklu máli árið 2004 sem er töluverð lækkun. Að öðru leyti eru áhrifaþættir svipaðir milli árunna 2000 og 2004 fyrir utan að herra hlutfall nemenda telur val félaganna hafa áhrif á val sitt á skóla árið 2004 (33,8%) en árið 2000 (29,5%).




**Mynd 11.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum haustið 2004 eftir því hversu ánægð þau eru með námsárangur sinn að undanfögnu.

Mynd 11 sýnir að strákar segjast hlutfallslega oftar en stelpur mjög eða fremur óánægðir með námsárangur sinn að undanfögnu, eða 32,5% á móti 23,6%. Að sama skapi segja hlutfallslega fleiri stelpur, eða 76,4% á móti 67,5% stráka, að þær séu mjög eða fremur ánægðar með námsárangur sinn að undanfögnu. Þetta ætti ekki að koma á óvart þar sem vitað er að meðaleinkunnir stráka í framhaldsskólum eru talsvert lægri en stelpna.




**Mynd 12.** Hlutfall framhaldsskólanema haustið 2004 sem reykja daglega eða sjaldnar en daglega eða ekki, eftir því hve ánægð þeir eru með námsárangur sinn að undanfögnu.

Mynd 12 sýnir að þeir sem reykja ekki eða sjaldnar en daglega eru líklegri en þeir sem reykja daglega til að vera ánægðir með námsárangur sinn. Um 74,6 % þeirra eru þannig mjög eða fremur ánægðir með námsárangur sinn að undanfögnu en samsvarandi hlutfall meðal þeirra sem reykja daglega er 61,3%. Á hinn bóginn eru 25,4% þeirra sem reykja ekki eða sjaldnar en daglega fremur eða mjög óánægðir með námsárangur sinn að undanfögnu en þetta hlutfall er 38,7% meðal dagreykingafólks. Erfitt er að segja til um hvort daglegar reykingar hafi bein áhrif á ánægju með eigin námsárangur en hins vegar er það skýrt samkvæmt þessu að algengara er meðal dagreykingafólks að það sé óánægt með eigin námsárangur en meðal þeirra sem reykja sjaldnar en daglega eða ekki.




**Mynd 13.** Svefnlengd framhaldsskólanema haustið 2004 eftir því hvernig þeim finnst þeir standa sig í náminu miðað við samnemendur sína.

Á mynd 13 má sjá tilhneigingu sem er vel þekkt í rannsóknum og varðar svefntíma nemenda og námsárangur. Hér má sjá að í hópi þeirra nemenda sem telja sig yfir meðallagi í námsárangri sofa hlutfallslega fleiri í sjö til átta klukkustundir á nóttu en meðal þeirra nemenda sem telja námsárangur sinn í meðallagi góðan eða undir meðallagi. Þegar svefntími styttist sjáum við hlutföllin snúast við. Rúm 34% þeirra sem telja námsárangur sinn undir meðallagi sofa um 6 klukkustundir á nóttu eða minna. Sama hlutfall er lægra meðal þeirra sem segjast standa sig í meðallagi vel í náminu eða 23,4% og enn lægra meðal þeirra sem segjast standa sig yfir meðallagi vel í náminu, eða 18,0%. Á þennan hátt kemur því skýrt fram að línuleg tengsl eru milli svefntíma og mats nemenda á eigin námsárangri þegar svefnlengd er um átta klukkustundir á nóttu eða minna. Í heild eru fáir sem sofa meira en átta klukkustundir en eðlilega er þróunin öðruvísi meðal þeirra þar sem vitað er að mikill svefn er eitt af einkennum þunglyndis. Þetta er líklegasta ástæða þess að flestir sem sofa meira en níu klukkustundir á nóttu koma úr hópi þeirra sem telja sig undir meðallagi í náminu.




**Mynd 14.** Samanburður á hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hvort þeim finnst námið vera of létt.

Mynd 14 sýnir samanburð á hlutfalli stráka og stelpna árin 2000 og 2004 eftir því hvort þau telja námið of létt. Í stuttu máli er lítill munur á hlutföllum stráka og stelpna milli ára en innbyrðis munur milli kynja er merkjanlegur fyrir bæði ár. Sögðu þannig 16,1% stráka árið 2000 það eiga nær aldrei við sig að þeim fyndist námið of létt en 30,1% stelpna. Á hinn bóginn sögðu 31,7% strákanna árið 2000 það eiga stundum við sig að námið væri of létt en 20,9% stelpnanna. Minni munur var innan annarra flokka árið 2000. Árið 2004 gætir sömu tilhneigingar og áður. Mun fleiri stelpur en strákar segja það eiga nær aldrei við sig að námið sé of létt, eða 29,2% á móti 14,5% stráka og að sama skapi segja 21,6% stelpnanna það eiga stundum við sig að námið sé of létt en 33,4% strákanna. Munurinn er minni í öðrum flokkum. Þessar niðurstöður eru sérstaklega áhugaverðar í ljósi þess að einkunnir stráka eru að meðaltali lægri en stelpna í framhaldsskólum og því mætti búast við þveröfugum niðurstöðum. Óvíst er hvaða skýring liggur að baki þessum mun en ekki er ólíklegt að strákar og stelpur hafi almennt ólík viðhorf til námsins.




**Mynd 15.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2004 eftir því hve mikilvægt þeim finnst að standa sig vel í náminu.

Til að skyggjast betur undir yfirborðið og reyna að skýra þann mun sem kemur fram milli kynja á mynd 14 skoðum við hér á mynd 15 hversu mikilvægt strákar og stelpur telja það að standa sig vel í náminu. Fram kemur að langsamlega flestir meðal beggja kynja (96,5% stráka og 98,9% stelpna) eru mjög eða fremur sammála því að mikilvægt sé að standa sig vel í námi. Engu að síður er talsverður munur milli kynja í þessum tveimur svarflokkum. Segja þannig 61,8% strákanna það mjög mikilvægt að standa sig vel í náminu en samsvarandi hlutfall fyrir stelpurnar er 80,1%. Af þessum tölum að dæma finnst stelpum mikilvægara en strákum að standa sig vel í náminu og eru þær því líklegri til að leggja harðar að sér í því. Það skýrir hugsanlega þann mun sem sjá má á mynd 14 þar sem stelpur telja síður en strákar að þeim finnist námið of létt.



**Mynd 16.** Þátttaka framhaldsskólanema í félagslífi skólans síns haustið 2004 eftir því hversu vel þeir telja sig standa í náminu miðað við samnemendur sína.


Tengist þátttaka framhaldsskólanema í félagslífi skólans námsárangri? Samkvæmt niðurstöðunum sem birtar eru á mynd 16 er svo ekki. Eins og sjá má eru álíka margir hlutfallslega í öllum svarflokkunum eftir námsárangri. Reyndar er það svo að hlutfallslega heldur fleiri meðal þeirra sem taka mjög mikinn eða mikinn þátt í félagslífi skólans síns telja námsárangur sinn yfir meðallagi, eða 36,5% á móti 33,5% þeirra sem telja námsárangur sinn í meðallagi og 29,8% þeirra sem telja námsárangur sinn undir meðallagi. Því er ekkert í þessum niðurstöðum sem bendir til þess að of mikil þátttaka í félagslífi skólanna hafi neikvæð áhrif á það hve vel nemendur standi sig í náminu.



**Mynd 17.** Samanburður á hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2000 og 2004 eftir því hvar þau segjast aðallega fá peninga til daglegra þarfa.


Á mynd 17 má sjá samanburð milli ára 2000 og 2004 á því hvar strákar og stelpur segjast aðallega fá peninga til daglegra nota. Lítil munur er innbyrðis milli ára á hvoru kyni um sig en meiri munur er á strákum og stelpum innan ára. Sögðust þannig 53,1% strákanna árið 2000 fá mest af peningum til daglegra nota af sumartekjum en 40,4% stelpnanna. Hins vegar sögðust 42,9% strákanna fá mest af peningum til daglegra nota af vinnu með námi en samsvarandi hlutfall var 55,4% fyrir stelpur. Munur innan annarra flokka var minni árið 2000. Sömu tilhneigingar gætir árið 2004. Þá segjast 55,2% strákanna aðallega fá peninga til daglegra nota af sumarvinnu en 39,0% stelpnanna. Að sama skapi telja 35,9% strákanna að þeir fái aðallega peninga til daglegra nota af vinnu með náminu en þetta hlutfall er 53,7% meðal stelpna. Munur innan annarra flokka er ekki merkjanlegur árið 2004.





**Mynd 18.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum af höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni haustið 2004 eftir því hvað þau segjast vinna marga tíma með skólanum í viku.

Eftir að hafa skoðað mynd 17 ætti ekki að koma á óvart að stelpur virðast vinna meira með náminu en strákar eins og fram kemur á mynd 18. Sömu tilhneigingar gætir hvort sem litið er til höfuðborgarsvæðisins eða landsbyggðarinnar. Hærra hlutfall stráka en stelpna vinnur ekki með náminu. Stelpur eru hlutfallslega fleiri en strákar í öllum öðrum flokkum, hvort sem þær búa á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni og hvort sem þær vinna í eina til níu klukkustundir, tíu til 19 klukkustundir eða 20 klukkustundir eða meira.




**Mynd 19.** Samanburður á tíma framhaldsskólanema í launaðri vinnu í viku hverri haustið 2004 eftir því hvernig þeim finnst námið hafa gengið í vetur.

Til að sjá hvort vinnutími tengist námsárangri skoðum við hversu mikið framhaldsskólanemar vinna með náminu eftir því hvort þeir telja námið hafa gengið vel eða illa í vetur. Munur milli hópa er ekki mjög mikill en þó vel merkjanlegur. Á myndinni kemur fram að í hópi þeirra nemenda sem vinna í tíu klukkustundir eða meira á viku telja fleiri að námið hafi gengið frekar eða mjög illa í vetur (alls 36,6% á mótí 30,8% nemenda sem segja námið hafa gengið frekar eða mjög vel). Á sama hátt kemur fram að meðal þeirra sem vinna ekki með náminu eru þeir nemendur hlutfallslega fleiri sem segja námið hafa gengið vel í vetur (45,0%) en þeir nemendur sem segja námið hafa gengið illa (39,4%). Samkvæmt þessu hefur of mikil vinna því neikvæð tengsl við námsárangur framhaldsskólanema en vinna í eina til níu klukkustundir á viku virðist ekki tengjast námsárangri þar sem að í þeim hópi nemenda sem vinna í eina til níu klukkustundir á viku er lítill munur á því hvort nemendur telja námið hafa gengið vel eða illa.

## **Samantekt úr myndum 10 til 19**

Samantekt úr myndum 10 til 19 ber með sér að margir þættir hafa áhrif á val nemenda á framhaldsskóla en að áhugi á náminu, nálægð skólans og ímynd skólans hafi einna mest að segja. Einnig kemur fram að stelpur eru almennt ánægðari með námsárangur sinn en strákar, að þeir sem reykja daglega eru líklegri en þeir sem reykja ekki til að vera óánægðir með námsárangur sinn og að upp að vissu marki er jákvætt samband milli svefnleiddar framhaldsskólanema og því hvernig þeim finnst þeir standa sig í náminu. Enn fremur telja hlutfallslega fleiri stelpur en strákar að það eigi nær aldrei við að þeim finnist námið of létt en fleiri strákar telja að það eigi stundum við sig. Þess utan segja nánast allir strákar og stelpur að þeim finnist mikilvægt að standa sig vel í náminu. Einnig kemur fram að mismikil þátttaka í félagslífi skólanna virðist ekki tengjast námsárangri. Þá má sjá að hlutfallslega fleiri stelpur en strákar vinna með skólanum og að lítilsháttar neikvætt samband er milli fjölda klukkustunda í vinnu og námsárangurs. Í töflum 41 til 52 á bls. 92-96 má finna frekari upplýsingar um skólamál til að mynda um líðan í skóla og viðhorf til náms.

## Framtíðarhorfur




**Mynd 20.** Samanburður á hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve líklegt þau telja að þau fari í nám á háskólastigi á Íslandi að loknu framhaldsskólanámi.<sup>12</sup>

Mynd 20 sýnir mikla breytingu milli árunna 2000 og 2004 á því hversu miklar líkur framhaldsskólanemar telja á því að þeir fari í háskólanám á Íslandi að loknum framhaldsskóla. Árið 2000 taldi meirihluti stelpna og stráka það ólíklegt að þau færu í áframhaldandi nám á háskólastigi hérlandis. Árið 2004 er þessu þveröfugt farið og meirihluti nemenda telur nám á háskólastigi á Íslandi að loknu framhaldsskólanámi líklegt. Töldu þannig einungis 34,1% stráka árið 2000 það vera mjög eða frekar líklegt að þeir færu í nám á háskólastigi á Íslandi að loknum framhaldsskólanum en hlutfallið hefur hækkað í 58,4% árið 2004. Það er hækkun um 24,3 prósentustig milli árunna 2000 og 2004. Sömu tilhneigingar gætir meðal stelpnanna. Hjá þeim hefur hlutfallið hækkað úr 39,5% í 63,3% á tímabilinu, eða álíka mikið og hjá strákum (hækkun um 23,8 prósentustig). Sennilegt er að aukin áhersla á menntun starfsfólks fyrirtækja og stofnana,

<sup>12</sup> Árið 2000 var þessi spurning í tvennu lagi. Annars vegar var spurt hvort viðkomandi teldi líklegt að hann/hún færi í Háskóla Íslands en hins vegar í annað háskólanám á Íslandi. Hér er búið að setja þessi svör saman í eitt.


hærra almennt menntunarstig og fjölgun háskólastofnana í landinu hafi hér mikið að segja.



**Mynd 21.** Samanburður á hlutfalli framhaldsskólanema árin 2000 og 2004 á höfuðborgarsvæðinu og af landsbyggðinni eftir því hve líklegt þeir telja að þeir fari í nám á háskólastigi á Íslandi að loknu framhaldsskólanámi.<sup>13</sup>

Í framhaldinu af niðurstöðunum sem birtar eru á síðustu mynd er áhugavert að skoða þetta með tilliti til búsetu. Eins og sjá má á mynd 21 er mjög svipað mynstur uppi á teningnum og á mynd 20. Breytingin milli ára er aðeins minni á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu (hækkun um 22,3 prósentustig meðal þeirra nemenda á landsbyggðinni sem þykir nám á háskólastigi líklegt en sambærileg hækkun er 24,8 prósentustig meðal nemenda á höfuðborgarsvæðinu). Í heild segjast heldur færri nemendur á landsbyggðinni stefna á háskólanám á Íslandi að loknum framhaldsskóla árið 2004 (55,7%) miðað við nemendur af höfuðborgarsvæðinu (63,8%).


<sup>13</sup> Árið 2000 var þessi spurning í tvennu lagi. Annars vegar var spurt hvort viðkomandi teldi líklegt að hann/hún færi í Háskóla Íslands en hins vegar í annað háskólanám á Íslandi. Hér er búið að setja þessi svör saman í eitt.



**Mynd 22.** Samanburður á hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve líklegt þau telja að þau fari í nám á Íslandi sem ekki er á háskólastigi að loknu framhaldsskólanámi.<sup>14</sup>

Þrátt fyrir að mun fleiri framhaldsskólanemar telji líklegt að þeir fari í nám á háskólastigi á Íslandi að loknu námi árið 2004 en það gerðu árið 2000 hefur einnig orðið mikil fjölgun meðal þeirra nemenda sem telja líklegt að þeir fari í nám á Íslandi sem ekki er á háskólastigi að loknum framhaldsskóla. Töldu þannig aðeins 5,1% stráka árið 2000 það mjög eða frekar líklegt að þeir færu í nám á Íslandi að loknum framhaldsskóla sem ekki er á háskólastigi en hlutfall þeirra hefur hækkað í 29,3% árið 2004. Mikil hækkun hefur einnig átt sér stað hjá stelpum og hlutfallið farið úr 9,7% árið 2000 í 28,3% árið 2004. Líklega er hér um að ræða endurspeglun á almennt meiri ásókn í frekara nám að loknum framhaldsskóla.


<sup>14</sup> Árið 2000 var þessi spurning í tvennu lagi. Annars vegar var spurt hvort viðkomandi teldi líklegt að hann/hún færi í iðn- eða sérskólanám en hins vegar í listaskóla á Íslandi. Hér er búið að setja þessi svör saman í eitt.



**Mynd 23.** Samanburður á hlutfalli framhaldsskólanema á höfuðborgarsvæðinu og af landsbyggðinni árin 2000 og 2004 eftir því hve líklegt þeir telja að þeir fari í nám á Íslandi sem ekki er á háskólastigi að loknu framhaldsskólanámi.<sup>15</sup>

Eftir að hafa litið á mun milli kynja á mynd 22 er áhugavert að sjá hvernig mynstrið er eftir ólíkri búsetu. Eins og sjá má á mynd 23 hefur hin mikla breyting sem fram kemur á mynd 22 ekki skipst jafnt milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Árið 2000 var munurinn á hlutfalli þeirra sem töldu mjög eða frekar líklegt að þeir færu í nám á Íslandi að loknum framhaldsskóla, sem ekki er á háskólastigi, ekki nema 1,7 prósentustig. Þó svo að mikil hækkun hafi orðið á hlutfalli þeirra sem stefna á slíkt nám frá árinu 2000, bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, hefur það hækkað mun meira á landsbyggðinni. Segjast þannig 35,9% framhaldsskólanema á landsbyggðinni stefna á slíkt nám að loknum framhaldsskóla árið 2004 en 24,9% nemenda af höfuðborgarsvæðinu.


<sup>15</sup> Árið 2000 var þessi spurning í tvennu lagi. Annars vegar var spurt hvort viðkomandi teldi líklegt að hann/hún færi í iðn- eða sérskólanám en hins vegar í listaskóla á Íslandi. Hér er búið að setja þessi svör saman í eitt.



**Mynd 24.** Samanburður á hlutfalli framhaldsskólanema á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni árin 2000 og 2004 eftir því hve líklegt þeir telja að þeir fari að vinna að loknu framhaldsskólanámi.

Á mynd 24 eru sýnd hlutföll þeirra framhaldsskólanema sem telja ýmist líklegt eða ólíklegt að þeir fari að vinna að loknu námi í framhaldsskóla árin 2000 og 2004. Eins og sjá má hefur þetta hlutfall staðið í stað á höfuðborgarsvæðinu milli árunna 2000 og 2004 þar sem 48,5% telja það frekar eða mjög líklegt að þeir fari að vinna að loknum framhaldsskólanum bæði árin. Hins vegar hefur talsverð breyting átt sér stað á landsbyggðinni á tímabilinu og hlutfallið aukist úr 56,6% árið 2000 í 61,9% árið 2004. Athyglisvert er að fjölgun þeirra nemenda sem sögðust ætla í nám að loknum framhaldsskóla (myndir 20 til 23) virðist ekki hafa haft áhrif á hlutfall þeirra nemenda sem segjast ætla að vinna að loknu náminu. Líklega hafa margir þátttakendur talið að þeir myndu bæði vinna og stunda nám að loknum framhaldsskólanum en einnig er líklegt að sumir hafi hugsað sér að taka sér frí frá námi í eitt til tvö ár áður en í frekara nám væri haldið.





**Mynd 25.** Samanburður á hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve líklegt þau telja að þau myndu hætta í námi nú ef gott atvinnutækifæri byðist.

Á mynd 25 gefur að líta samanburð á hlutfalli stráka og stelpna eftir því hvort þau telja líklegt eða ólíklegt að þau myndu hætta í námi nú ef gott atvinnutækifæri byðist. Eins og sjá má segjast heldur færri í heild myndu grípa tækifærið árið 2004 en það gerðu árið 2000. Töldu þannig 29,2% stráka árið 2000 að þeir myndu hætta í námi til að fara að vinna ef gott atvinnutækifæri byðist en hlutfallið hefur lækkað í 23,7% árið 2004. Meðal stelpna var hlutfallið 19,6% árið 2000 en er 14,9% árið 2004. Þessar tölur bera greinilega með sér að strákar eru fremur tilbúnir en stelpur til að kveðja nám í framhaldsskólanum til að fara að vinna sjái þeir freistandi möguleika fyrir sig í atvinnulífinu.


### Samantekt úr myndum 20 til 25

Í samantekt úr myndum 20 til 25 má sjá mjög mikla breytingu milli árunna 2000 og 2004 á því hvort nemendur hyggi á frekara nám að framhaldsskóla loknum. Ennfremur kemur fram að hlutfallslega fleiri nemendur af landsbyggðinni en af höfuðborgarsvæðinu telja að þeir fari að vinna að loknu framhaldsskólanámi. Að lokum má sjá að færri myndu hætta í námi nú en árið 2000 ef gott tækifæri byðist á vinnumarkaði.

## Búseta

Byggða- og búsetumál hafa löngum verið mikið rædd á Íslandi. Hér á landi búa yfir 60% þjóðarinnar á höfuðborgarsvæðinu<sup>16</sup> sem er sérstaða í heiminum. Allt fram á síðustu ár hefur höfuðborgarsvæðið verið eina svæðið á landinu þar sem menntun á háskólastigi hefur verið í boði. Þetta hefur vitaskuld haft mikil áhrif á búferlaflutninga<sup>17</sup> til svæðisins en miklar breytingar hafa orðið á framboði menntunar síðastliðin ár með tilkomu fleiri háskólastofnana og menntasetra víða um land. Í ljósi þessa er mikilvægt að skoða viðhorf og hugmyndir unglinga til byggðamála og hvernig þau tengjast framtíðaráformum þeirra.

Á myndum 26 til 28 má sjá hlutfallslegan fjölda framhaldsskólanema, skipt eftir búsetu, eftir því hvar þeir vildu helst búa, hvar þeir telja tekjumöguleika sína mesta í framtíðinni og hvar þeir telja að auðveldast verði að fá vinnu.




**Mynd 26.** Samanburður á hlutfalli nemenda í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni árin 2000 og 2004 eftir því hvar þeir vildu helst búa.

<sup>16</sup> Axel Hall o.fl. 2002.

<sup>17</sup> Axel Hall o.fl. 2002.


Á mynd 26 má sjá samanburð milli árána 2000 og 2004 á því hvar framhaldsskólanemar vilja helst búa. Lítil innbyrðis munur er merkjanlegur milli ára en hins vegar er talsverður munur með tilliti til búsetu. Árið 2000 sögðu 50,6% nemenda á höfuðborgarsvæðinu að þeir vildu helst búa þar en ekki nema 11,5% íbúa landsbyggðarinnar. Þessi hlutföll hafa haldist svo til óbreytt til ársins 2004 en 51,2% nemenda á höfuðborgarsvæðinu og 12,5% af landsbyggðinni segjast helst vilja búa á höfuðborgarsvæðinu. Sömu sögu er að segja í öðrum flokkum. Munurinn milli ára er sjaldnast meiri en 1-3 prósentustig að því frátöldu að um 43,1% nemenda af landsbyggðinni sögðust árið 2000 helst vilja búa í öðru þéttbýli en þetta hlutfall hefur lækkað í 37,5% árið 2004. Mismunurinn virðist dreifast nokkuð jafnt á hina flokkana. Það vekur einnig athygli að árið 2004 segjast 32,4% framhaldsskólanema af höfuðborgarsvæðinu vilja búa erlendis og 23,4% nemenda sem búa á landsbyggðinni.



**Mynd 27.** Hlutfall framhaldsskólanema af höfuðborgarsvæðinu og af landsbyggðinni haustið 2004 eftir því hvar þeir telja tekjumöguleika sína mesta í framtíðinni.

Mynd 27 sýnir hlutfall framhaldsskólanema á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni eftir því hvar þeir telja tekjumöguleika sína mesta í framtíðinni. Eins og sjá má telja nær allir þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu að þeim sé best borgið annaðhvort á því svæði eða erlendis. Dreifingin er meiri meðal íbúa af landsbyggðinni en

þar telja flestir að mestu tekjumöguleikarnir séu á höfuðborgarsvæðinu (38,7%), í öðru þéttbýli (31,8%), og erlendis (20,1%).



**Mynd 28.** Hlutfall framhaldsskólanema af höfuðborgarsvæðinu og af landsbyggðinni haustið 2004 eftir því hvar þeir telja auðveldast að fá vinnu.


Mynd 28 sýnir hlutfall framhaldsskólanema eftir því hvar þeir telja að auðveldast verði að fá vinnu að loknu námi í framhaldsskólanum. Eins og sjá má telja mun fleiri nemendur sem búa á höfuðborgarsvæðinu (76,0%) en nemendur á landsbyggðinni, að auðveldast verði að fá vinnu á því svæði. Á meðal nemenda sem eru í námi á landsbyggðinni er þetta hlutfall talsvert lægra, eða tæp 40%. Hlutföllin snúast svo við þegar kemur að atvinnumöguleikum annars staðar á landinu. Þar er hlutfall nemenda af landsbyggðinni ætíð hærri en höfuðborgarsvæðisins. Hinsvegar telja 15,3% nemenda af höfuðborgarsvæðinu að auðveldast verði að fá vinnu erlendis en samsvarandi hlutfall er tæp 11% meðal nemenda af landsbyggðinni.

## **Samantekt úr myndum 26 til 28**

Samantekt úr myndum 26 til 28 ber með sér að þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu vilja helst búa þar áfram eða erlendis, en þeir sem búa á landsbyggðinni vilja síður búa á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar. Einnig kemur fram að svo til allir sem búa á höfuðborgarsvæðinu telja tekjumöguleika sína mesta þar eða erlendis, en dreifingin er meiri meðal þeirra sem búa á landsbyggðinni. Samskonar mynstur kemur fram þegar framhaldsskólanemar eru spurðir hvar þeir telji að auðveldast verði að fá vinnu að loknu framhaldsskólanáminu. Frekari upplýsingar sem tengjast búsetu er að finna í töflum 53 og 54 á bls. 97-98.

## Fjárhagur og efnislegar eigur


Gjarnan er sagt að það sé dýrt að vera ungur og margskonar efnislegar eigur eru af mörgum taldar ómissandi. Hafa framhaldsskólanemar á Íslandi nóg á milli handanna að mati þeirra sjálfra? Þessar niðurstöður eru birtar á mynd 29 hér að neðan. Á mynd 30 eru svo birt hlutföll sem sýna hvort framhaldsskólanemar eigi tilteknar efnislegar eigur sjálfir eða hafi aðgang að þeim í gegnum heimili sitt.



**Mynd 29.** Samanburður á hlutfalli framhaldsskólanema á höfuðborgarsvæðinu og af landsbyggðinni árin 2000 og 2004 eftir því hvort þeir telja sig hafa nægilega peninga til daglegra þarfa.

Mynd 29 hér að ofan sýnir hvort framhaldsskólanemar á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni telja sig hafa nægilega peninga til daglegra þarfa, árin 2000 og 2004. Eins og sjá má taldi meirihluti nemenda sig hafa fyllilega eða nokkurn vegin nóg af peningum til daglegra þarfa árið 2000 og sú er einnig raunin árið 2004. Árið 2000 töldu 63,5% nemenda, óháð búsetu, að þeir hefðu fyllilega eða nokkurn vegin næga peninga til daglegra þarfa. Árið 2004 hefur þetta hlutfall hækkað lítillega, hvort sem litið er til landsbyggðarinnar eða höfuðborgarsvæðisins, en 69,6% framhaldsskólanema á höfuðborgarsvæðinu og 68,9% nemenda framhaldsskóla á landsbyggðinni telja sig hafa

næga peninga til daglegra þarfa. Af þessu leiðir að hlutfallsleg fækkun hefur orðið í þeim hópi nemenda sem taldi sig ekki hafa næga peninga milli handanna, frá árinu 2000 til 2004, hvort sem litið er til höfuðborgarsvæðisins eða landsbyggðarinnar.



**Mynd 30.** Hlutfall nemenda í framhaldsskólum haustið 2004 eftir því hvort tiltekna efnislegar eigur eru í eigu þeirra sjálfra eða heimilisins.

Á mynd 30 kemur meðal annars fram að tæp 78% framhaldsskólanema eiga sitt eigið sjónvarp og um helmingur á sitt eigið vídeótæki. Enn fremur má sjá að tæp 48% eiga leikjatölvu eða tölvuspil og 40% eiga heimilistölvu. Þá eiga 35,1% fartölvu og 32,0% eru með sína eigin nettengingu. Að auki kemur fram að næstum allir, eða tæp 98%, eiga sinn eigin GSM síma.

Þess má einnig geta að þessar spurningar voru einnig lagðar fyrir árið 2000 en spurningarnar um tölvur voru ekki þær sömu árið 2004 vegna hraðrar þróunar tölvutækni. Þar af leiðandi eru þær spurningar ekki bornar saman hér. Árið 2000 kom meðal annars

fram að 62% framhaldsskólanema áttu sitt eigið sjónvarp, tæp 37% sitt eigið videótæki og sami fjöldi átti leikjatölvu eða tölvuspil. Jafnframt kom fram árið 2000 að 89% nemenda áttu sinn eigin GSM síma. Hér kemur því fram að hlutfallslega fleiri nemendur framhaldsskóla eiga þessar tilteknu efnislegu eigur árið 2004 en árið 2000.



## ***Íþróttir, tómstundastarf og ýmis frístundaiðja***

Í unglingarannsóknnum er það almennt viðtekið að lífsstíll unglinga og það „að vera unglundur“ sé að miklu leyti mótað í frístundum og /eða tómstundum þeirra sem gjarnan liggja utan við umhverfi fjölskyldu og skóla. Kenningar og rannsóknir um lífsstíll unglinga, sem miðast oft við að skýra hvað þeir geri í frístundum og með hverjum þeir verja tíma sínum, hafa sýnt fram á að það skiptir miklu máli í velferð unglinga hvers eðlis tómstundir þeirra eru.<sup>18</sup> Einnig hefur verið bent á að unglingar þrói snemma á lífsleiðinni með sér ákveðið skyn sem hefur áhrif á þann lífsstíll sem þeir velja. Í ljósi þessa er vert að benda á að rannsóknir sýna ítrekað að unglingar sem stunda íþróttir og/eða líkamsþjálfun reglulega eru ólíklegri til að nota vímuefni eða taka þátt í neikvæðu atferli en aðrir unglingar.<sup>19</sup> Auk þessa hefur gerð félags-, og tómstundastarfs verið rannsökuð og sýna niðurstöður að slík starfsemi sem er skipulögð og í umsjá ábyrgra aðila dregur úr líkum á að unglingar tileinki sér lífsstíll sem einkennist af áhættuhegðun svo sem notkun vímuefna.<sup>20</sup> Þá mótast tómstundir og lífsstíll unglinga sömuleiðis af áhugamálum þeirra en einnig af tiskustraumum sem oft eiga sér alþjóðlegar rætur.<sup>21</sup>

Myndir 31 til 38 sýna þátttöku framhaldsskólanema í íþróttum og líkamsrækt, þátttöku í íþróttum með íþróttafélagi, samband íþróttaiðkunar og andlegrar heilsu, hvort daglegar reykingar tengist íþróttaiðkun, hvaða greinar íþróttu eru mest stundaðar meðal íslenskra framhaldsskólanema, hlutfall þeirra sem hafa einhvern tíma stundað íþróttir eftir því hvenær þeir hættu því og hvort að tilteknir þættir hafi ráðið því að þeir sem hættu að stunda íþróttir gerðu svo. Á myndum 39 til 45 má svo sjá þátttöku framhaldsskólanema í ýmsu tómstundastarfi, bæði skipulögðu og óskipulögðu, og ýmsa aðra frístundaiðju þeirra ásamt samanburði á lestrarvenjum nemenda árin 2000 og 2004.

---


<sup>18</sup> Osgood o.fl. 1996; Peretti-Watel og Lorente 2004.

<sup>19</sup> Rúnar Vilhjálmsson og Þórólfur Þórlindsson 1992; Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998; Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1994.

<sup>20</sup> Piko og Fitzpatrick 2004.


<sup>21</sup> Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson 1993; Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998.

## Íþróttir



**Mynd 31.** Samanburður á iðkun íþróttar og líkamsræktar stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004.


Á mynd 31 gefur að líta samanburð á hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft í viku þau stunda íþróttir eða líkamsrækt. Lítil munur kemur fram milli ára innan hvors kyns um sig en athygli vekur að árið 2004 segjast aðeins 13,3% stráka og 15,7% stelpna nær aldrei stunda íþróttir eða líkamsrækt. Þá segjast 20,4% stráka og 25,7% stelpna stunda íþróttir eða líkamsrækt vikulega eða sjaldnar árið 2004, en 25,6% stráka og 30,4% stelpna segjast stunda íþróttir eða líkamsrækt tvisvar til þrisvar sinnum í viku. Það eru aðeins færri en árið 2000 en þá stunduðu tæp 27% stráka og 32% stelpna íþróttir eða líkamsrækt svo oft. Hins vegar segjast rúm 40% strákanna stunda íþróttir fjórum sinnum í viku eða oftar árið 2004, sem er hækkun um 2 prósentustig frá árinu 2000. Rúm 28% stelpnanna segjast gera svo árið 2004 en það er hækkun um 2,5 prósentustig á fjögurra ára tímabili.



**Mynd 32.** Samanburður á þátttöku stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 í íþróttum með íþróttafélagi (þeir sem æfa eða keppa).

Á mynd 32 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hvort þau stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi. Fram kemur að hærra hlutfall stráka en stelpna æfðu og/eða kepptu í íþróttum með íþróttafélagi árið 2000 og það sama á við árið 2004. Af þessu leiðir að hlutfall þeirra sem æfa nær aldrei íþróttir með íþróttafélagi hefur lækkað milli árána 2000 og 2004. Hlutfall stráka lækkaði úr 59,6% í 54,2% og hlutfall stelpna úr 74,6% í 71,9%. Meðal stráka hefur orðið fjölgun á tímabilinu í þeim hópum sem stunda íþróttir með félögum vikulega eða sjaldnar (úr 8,4% í 10,4%) og fjórum sinnum í viku eða oftar (úr 22,5% í 26,0%). Hins vegar stunduðu álíka margir strákar íþróttir með íþróttafélagi tvisvar til þrisvar sinnum í viku árið 2000 og það gera árið 2004, eða milli 9 og 10%. Meðal stelpna sem stunda íþróttir hefur orðið lítilsháttar fjölgun í öllum hópum á umræddu tímabili. Árið 2000 sögðust 4,9% þeirra stunda íþróttir með félagi vikulega eða sjaldnar en samsvarandi hlutfall er orðið 6,3% árið 2004. Þá sögðust 7,4% stelpna stunda íþróttir með félagi tvisvar til þrisvar sinnum í viku


árið 2000 en 8,2% árið 2004. Um 13% stelpna stunduðu svo íþróttir með félagi fjórum sinnum í viku eða oftar árið 2000 en 13,6% árið 2004.



**Mynd 33.** Samanburður á þátttöku nemenda í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 í íþróttum með íþróttafélagi (þeir sem æfa eða keppa), eftir búsetu.

Á myndinni hér að ofan má sjá samskonar samanburð og á myndinni á undan nema hvað hér er borið saman eftir búsetu. Eins og sjá má hefur hlutfallsleg fækkun orðið í hópi þeirra nemenda sem stunda nær aldrei íþróttir með íþróttafélagi, hvort sem litið er til höfuðborgarsvæðisins eða landsbyggðarinnar. Þetta hlutfall hefur lækkað úr 70,9% meðal nemenda á höfuðborgarsvæðinu í 65,3% en breytingin var minni á landsbyggðinni, úr 62,4% í 60,2% milli árunna 2000 og 2004. Einnig kemur fram á myndinni að heldur fleiri nemendur á landsbyggðinni stunda íþróttir með íþróttafélagi en á höfuðborgarsvæðinu og átti það einnig við árið 2000. Árið 2004 stunda 10% nemenda framhaldsskóla á landsbyggðinni íþróttir með íþróttafélagi vikulega eða sjaldnar en 7,4% þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Þá stunda 10,7% framhaldsskólanema sem búa á landsbyggðinni íþróttir með félagi, tvisvar til þrisvar sinnum í viku, árið 2004 en sama hlutfall er 7,7% meðal nemenda höfuðborgarsvæðisins. Hins vegar stunda örlítið fleiri nemendur af


höfuðborgarsvæðinu íþróttir með félagi fjórum sinnum í viku eða oftar, eða 19,7% á móti 19,2% af þeim sem búa á landsbyggðinni.



**Mynd 34.** Samanburður á íþrótt- og líkamsræktarástundun framhaldsskólanema haustið 2004 og því hversu góða þeir telja andlega heilsu sína.


Spurningin hvort íþrótt- og/eða líkamsræktarástundun tengist andlegri heilsu kemur reglulega upp. Á myndinni hér að ofan sjáum við hve góða eða slæma framhaldsskólanemar telja andlega heilsu sína eftir því hve oft þeir stunda íþróttir og/eða líkamsrækt. Eins og sjá má virðast vera tengsl milli iðkunar íþróttar og/eða líkamsræktar og andlegrar heilsu. Telja þannig 37,0% þeirra sem stunda íþróttir eða líkamsrækt vikulega eða oftar andlega heilsu sína mjög góða en samsvarandi hlutfall fyrir þá sem segjast ekki stunda íþróttir eða líkamsrækt eða sjaldnar en vikulega er 24,5%. Í hópi þeirra framhaldsskólanema sem telja andlega heilsu sína góða er þó hlutfall þeirra nemenda sem stunda íþróttir eða líkamsrækt vikulega eða oftar annars vegar, og hins vegar þeirra sem stunda íþróttir eða líkamsrækt sjaldnar en vikulega eða ekki, álíka hátt eða um 40%. Hins vegar eru þeir sem stunda íþróttir eða líkamsrækt vikulega eða oftar

hlutfallslega færri meðal þeirra sem telja andlega líðan sína sæmilega, eða 15,8% á móti 24,7% þeirra sem æfa sjaldnar en vikulega eða ekki, eða jafnvel lélega (3,1% á móti 7,1%).



**Mynd 35.** Hlutfallsleg þátttaka framhaldsskólanema í íþróttum og líkamsrækt haustið 2004 eftir því hvort þeir reykja daglega.

Á mynd 35 kemur fram að nokkuð sterkt neikvætt samband virðist vera milli daglegra reykinga og iðkunar íþróttar eða líkamsræktar. Segjast þannig 26,2% þeirra sem reykja daglega nær aldrei stunda íþróttir eða líkamsrækt en samsvarandi hlutfall er 11,9% meðal þeirra sem reykja ekki eða sjaldnar en daglega. Þá segjast 21,3% þeirra reykja ekki eða sjaldnar en daglega æfa vikulega eða sjaldnar en sambærilegt hlutfall er 31,6% meðal þeirra sem reykja daglega. Hins vegar segjast 28,7% þeirra sem reykja ekki eða sjaldnar en daglega æfa íþróttir eða líkamsrækt tvisvar til þrisvar sinnum í viku en hlutfallið er 25,8% meðal þeirra sem reykja daglega. Þá segjast 38,1% þeirra sem ekki reykja eða sjaldnar en daglega stunda íþróttir eða líkamsrækt fjórum sinnum í viku eða oftari en sambærilegt hlutfall meðal dagreykingafólks er aðeins 16,4%. Vert er að taka fram að þó að um tölfræðilegt samband sé að ræða milli daglegra reykinga og iðkunar íþróttar og/eða líkamsræktar er ekki þar með sagt að hér sé hreint orsakasamband.




**Mynd 36.** Samanburður á hlutfalli framhaldsskólanema árin 2000 og 2004 sem stunda eftirtaldar íþróttir einu sinni í viku eða oftar: Handbolta, fótbolta, kөрfubolta, frjálssar íþróttir, sund, jaðariþróttir<sup>22</sup> eða líkamsrækt<sup>23</sup>.

Á myndinni hér að ofan sjáum við að fremur litlar breytingar hafa orðið á hlutfalli þeirra sem stunda tiltekna ofangreindar íþróttagreinar vikulega eða oftar milli ára 2000 og 2004. Fram kemur að 5-6% nemenda stunda handbolta, hvort sem litið er til ársins 2000 eða 2004, og tæp 21% stunduðu fótbolta vikulega eða oftar árið 2000 en 23,4% árið 2004. Þá sögðust tæp 11% stunda kөрfubolta árið 2000 en tæp 9% árið 2004 og um það bil 3% nemenda stunda frjálssar íþróttir hvort sem litið er til ársins 2000 eða 2004. Mestu breytingarnar hafa orðið í sundi en þeim nemendum sem stunda sund hefur fækkað hlutfallslega á umræddu tímabili úr 14,6% í 9,7%. Tæp 9% segjast stunda jaðariþróttir árið 2004 líkt og árið 2000 og 34-35% stunda líkamsrækt vikulega eða oftar.

<sup>22</sup> Með jaðariþróttum er átt við snjóþretti, hjólabretti, línuskauta/hjólaskauta eða klettklifur/inniklifur.

<sup>23</sup> Með líkamsrækt er hér átt við ræktun líkamans á þar til gerðri líkamsræktarstöð.




**Mynd 37.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum haustið 2004 eftir því hvort þau hafa einhvern tíma stundað íþróttir (æft eða keppt) með íþróttafélagi.

Á myndinni hér að ofan má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum haustið 2004 eftir því hvort þau hafa einhvern tíma æft eða keppt í íþróttum með íþróttafélagi og hvenær þau hættu því ef sú var raunin. Eins og sjá má hafa ekki nema 6,6% stráka og 9,5% stelpna aldrei æft íþrótt með íþróttafélagi. Hins vegar byrjar að síast úr hópnum strax undir 13 ára aldur en þá segjast 12,4% strákanna og 15,8% stelpnanna hafa hætt að stunda íþróttir með félagi og 26,2% stráka og 33,4% stelpna hættu milli 13 og 15 ára. Þá segjast um 20% stráka og stelpna hafa hætt þegar þau voru 16 ára eða eldri. Einnig kemur fram á myndinni að rúm 35% stráka í framhaldsskólum segjast stunda íþrótt með félagi nú og tæp 21% stelpnanna. Þessi hlutföll eru ólík þeim sem birt eru á mynd 32 en líklega hefur ólík áhersla innan spurninganna haft þessi áhrif.<sup>24</sup>

<sup>24</sup> Hlutföll þeirra nemenda sem segjast æfa með félagi verða sviðuð á myndunum tveimur ef einungis er litið til þeirra nemenda sem æfa tvisvar í viku eða oftár á mynd 32 þegar reiknaður er fjöldi þeirra nemenda sem segist æfa með félagi. Líklegt er því að þeir nemendur sem á mynd 32 segjast æfa oftár en vikulega telji sig í raun æfa eða hafa æft íþróttir.





**Mynd 38.** Þeir þættir sem skiptu mestu máli í þeirri ákvörðun meðal stráka og stelpna haustið 2004 að hætta að stunda íþróttir með íþróttafélagi.


Hvers vegna flosna unglingar upp úr íþróttaiðkun með íþróttafélögum? Til að svara þessu skoðum við á myndinni hér að ofan nokkrar af þeim ástæðum sem skipt geta máli. Eins og sjá má gefa strákar og stelpur svipaðar ástæður. Langsamlega flestir segjast einfaldlega hafa misst áhugann, eða 56,0% stráka og 54,1% stelpna. Ekki er þó gott að segja til um hvað olli því að nemendurnir misstu áhugann. Næstflestir segja tímaleysi meginorsök þess að þeir hættu að stunda íþróttir með íþróttafélagi (34,6% stráka og 40,0% stelpna). Sú ástæða að vinirnir hættu kemur þar næst á eftir, en 17,7% strákanna segja þá ástæðu hafa skipt miklu máli og 20,7% stelpnanna. Aðrir þættir virðast skipta nemendum minna máli.

### Samantekt úr myndum 31 til 38

Í stuttri samantekt úr myndum 31 til 38 má segja að lítil breyting hafi orðið á tíðni íþrótt- og líkamsrættariðkunar meðal stráka og stelpna milli 2000 og 2004 en að heldur fleiri strákar og stelpur æfa íþróttir með félagi árið 2004 en gerðu það árið 2000. Þá stunda heldur fleiri íþróttir með íþróttafélagi á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Þá kemur fram að jákvæð tengsl eru á milli iðkunar íþrótt- og/eða líkamsrættar og andlegrar heilsu framhaldsskólanema. Einnig, að þeir sem reykja daglega eru ólíklegri til


að stunda íþróttir eða líkamsrækt tvisvar sinnum í viku eða oftar, en þeir sem reykja sjaldnar en daglega eða ekki. Af þeim sem stunda tilteknar íþróttagreinar vikulega eða oftar stunda flestir líkamsrækt á líkamsræktarstöðvum og fótbolti kemur þar næst á eftir. Af þeim íþróttagreinum sem eru bornar saman hér hefur iðkendum fækkað mest í þeim hópi nemenda sem stundar sund á milli árána 2000 og 2004. Á mynd 37 kemur fram að mikill meirihluti stráka og stelpna hafa einhvern tíma æft íþrótt með íþróttafélagi. Enn fremur má sjá á mynd 38 að flestir hætta að stunda íþróttir vegna áhuga- og/eða tímaleysis. Frekari upplýsingar um íþróttaiðkun er að finna í töflum 55 til 78 á bls. 100-106.

### Tómstundastarf og ýmis frístundaiðja




**Mynd 39.** Hlutfall stráka og stelpna af höfuðborgarsvæðinu og af landsbyggðinni haustið 2004 eftir því hve oft þau taka þátt í skipulögðu tómstundastarfi.

Á myndinni hér að ofan má sjá að herra hlutfall stráka en stelpna tekur þátt í skipulögðu tómstundastarfi, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Í heild stundar herra hlutfall framhaldsskólanema á landsbyggðinni skipulagt tómstundastarf vikulega eða oftar en á höfuðborgarsvæðinu, eða 34,3% stráka og 28,5% stelpna á mótí 31,5% stráka og 28,0% stelpna af höfuðborgarsvæðinu.



**Mynd 40.** Hlutfall stráka og stelpna árið 2000 og 2004 sem sækja leikhús, klassíska tónleika, aðra tónleika en klassíska og/eða söfn eða listasýningar einu sinni í mánuði eða oftar.

Á myndinni hér að ofan má sjá samanburð á hlutfalli stráka og stelpna árin 2000 og 2004 sem sækja leikhús, klassíska tónleika, aðra tónleika og/eða söfn eða listasýningar mánaðarlega eða oftar. Eins og sjá má hefur orðið hlutfallsleg fækkun orðið í hópi þeirra nemenda sem sækja leikhús að minnsta kosti mánaðarlega (úr 4,2% árið 2000 meðal stráka í 2,5% árið 2004 og úr 4,5% árið 2000 meðal stelpna í 2,4% árið 2004) og klassíska tónleika (úr 3,0% stráka í 2,3% og úr 2,7% stelpna í 1,6%). Þá hefur jafnframt þeim framhaldsskólanemum fækkað hlutfallslega sem sækja söfn eða listasýningar (úr 3,4% stráka árið 2000 í 2,7% árið 2004 og úr 4,0% stelpna árið 2000 í 2,4% árið 2004). Hins vegar hefur orðið fjölgun milli ára, bæði meðal stráka og stelpna, í þeim hópi nemenda sem sækja tónleika aðra en klassíska tónleika (úr 10,1% stráka í 11,6% og úr 4,5% stelpna í 5,5%).




**Mynd 41.** Samanburður á hlutfalli framhaldsskólanema árin 2000 og 2004 sem stunda/sækja eitthvað af eftirtöldu nokkrum sinnum í mánuði eða oftar: Félagsmiðstöð<sup>25</sup>, tónlistarnám, myndlistarnám, skátastarf, ungliðastarf björgunarsveita, hestamennsku, æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar eða annarra trúfélaga.<sup>26</sup>

Á mynd 41 hér að ofan eru borin saman hlutföll framhaldsskólanema sem stunda/sækja ýmist skipulagt og óskipulagt tómskundastarf árin 2000 og 2004. Eins og sjá má hafa litlar breytingar orðið á milli ára á hlutfalli þeirra nemenda sem sækja félagsmiðstöðvar (í kringum 11% bæði árin), leggja stund á myndlistarnám (um 6%), stunda skátastarf (um 3%) og meðal þeirra sem stunda hestamennsku (rúm 8%). Markverðustu breytingarnar hafa orðið meðal þeirra sem stunda tónlistarnám en þeim hefur fjölgað úr tæpum 11% í rúm 14%. Þeim hefur á sama hátt fjölgað sem stunda ungliðastarf björgunarsveita (úr 4,3% í 5,0%) og æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar eða annarra trúfélaga (úr 2,7% í 3,5%). Í heild bera þessar tölur með sér að heldur herra hlutfall framhaldsskólanema stundar skipulagt tómskundastarf árið 2004 en það gerðu árið 2000 þar sem einhver fjölgun kemur fram í flestum flokkum.


<sup>25</sup> Þegar fjallað er um félagsmiðstöð hér eru böll og/eða diskó undanskilin.

<sup>26</sup> Í könnuninni árið 2000 var þessi spurning í tvennu lagi þar sem spurt var annars vegar um æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar og hins vegar annarra trúfélaga. Hér er búið að setja þessar spurningar saman sem eitt svar.




**Mynd 42.** Kynjahlutföll haustið 2004 meðal þeirra sem stunda a.m.k. vikulega: (1) Skátastarf, ungliðastarf björgunarsveita eða ungmennastarf Rauða krossins, (2) böll í félagsmiðstöð eða skóla, félagsmiðstöð að undanskildum böllum/diskóum, eða félagsstarf í skóla að undanskildum böllum og diskóum, (3) tónlistarnám, lúðrasveit, skólahljómsveit eða tónlistarskólahljómsveit, eða myndlistarnám og (4) íþróttir með íþróttafélagi.

Á mynd 42 eru sýnd kynjahlutföll meðal þeirra sem stunda tiltekið tómsunda-, frístunda- og íþróttastarf. Fram kemur að strákar eru fleiri en stelpur í þremur af fjórum hópum. Þetta skyldi ekki koma á óvart þar sem þegar hefur komið fram á mynd 34 að almennt fleiri strákar en stelpur stunda skipulagt tómsundastarf. Hér sést að strákar eru 64,5% þeirra sem stunda skátastarf, ungliðastarf björgunarsveita eða ungmennastarf Rauða krossins en stelpur eru þar 35,5% þátttakenda. Nokkuð jöfn kynjahlutföll eru meðal þeirra sem stunda böll í félagsmiðstöð eða skóla, félagsmiðstöð að undanskildum böllum/diskóum, eða félagsstarf í skóla að undanskildum böllum og diskóum. Á hinn bóginn eru stelpur í meirihluta í hópi þeirra nemenda sem stunda tónlistarnám (þar með talið tónlistarnám, lúðrasveit, skólahljómsveit eða tónlistarskólahljómsveit) eða myndlistarnám (57,4% þeirra nemenda eru stelpur á móti 42,6% sem eru strákar). Þetta snýst svo aftur við þegar kemur að þeim sem stunda íþróttir með íþróttafélagi en meðal þeirra eru tæp 60% strákar en rúm 40% eru stelpur.



**Mynd 43.** Samanburður á hlutfalli framhaldsskólanema árin 2000 og 2004 sem sækja bío, kaffihús, partí og bari eða skemmtistaði, mánaðarlega eða oftar.


Á mynd 43 má sjá samanburð milli ára 2000 og 2004 á hlutfalli framhaldsskólanema sem stunda tiltekna óskipulagða frístundiðju. Hér má sjá hlutföll þeirra sem sækja bío, kaffihús, partí og bari eða skemmtistaði í það minnsta einu sinni í mánuði. Eins og sjá má eru bío og partí vinsælust af því sem um ræðir. Engu að síður hefur þeim fækkað hlutfallslega milli ára 2000 og 2004 sem sækja þess háttar afþreyingu en bíóferðir hafa dregist meira saman en partí (úr rúmum 68% árið 2000 í tæp 57% árið 2004). Þá kemur fram að árið 2000 sóttu 39,5% framhaldsskólanema kaffihús að minnsta kosti einu sinni í mánuði en 36,1% árið 2004. Lítil breyting hefur orðið meðal þeirra sem stunda bari eða skemmtistaði en það gerðu 46,6% framhaldsskólanema að minnsta kosti mánaðarlega árið 2000 en 45,5% árið 2004.



**Mynd 44.** Hlutfall nemenda í framhaldsskólum haustið 2004 sem reykja daglega eftir því hve oft þeir stunda skipulagt og óskipulagt tónlistarstarf.<sup>27</sup>

Á myndinni hér að ofan kemur fram að þátttaka í óskipulögðu og skipulögðu tónlistarstarfi virðist tengjast daglegum reykingum á þann hátt að eftir því sem óskipulagt tónlistarstarf er stundað oftar í viku, þeim mun meira hækkar hlutfall þeirra sem reykja daglega, en þessu er öfugt farið með þá sem stunda skipulagt tónlistarstarf. Vitað er að um 19% allra nemenda reykja daglega (sjá töflu 18). Þetta hlutfall er hærra meðal þeirra sem stunda óskipulagt tónlistarstarf vikulega eða oftar, en 21,7% þeirra sem stunda óskipulagt tónlistarstarf einu sinni til tvisvar í viku reykja daglega og hlutfallið meðal þeirra sem stunda óskipulagt tónlistarstarf þrisvar í viku eða oftar er tæp 28%. Hins vegar reykja einungis 11,9% daglega meðal þeirra sem stunda skipulagt tónlistarstarf svo oft.

<sup>27</sup>Hér telst telst eftirfarandi til skipulagðs tónlistarstarfs: Tónlistarnám, lúðrasveitir, skólahljómsveitir eða tónlistarskólahljómsveitir og kórastarf. Að spila í hljómsveit með vinum/vinkonum telst hér hins vegar til óskipulagðs tónlistarstarfs.



**Mynd 45.** Samanburður á hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 sem nota 4 klst. eða meira á viku í að lesa eitthvað af eftirfarandi: Bækur aðrar en skólabækur, teiknimyndabækur eða blöð, dagblöð eða tímarit.

Að endingu skoðum við, og berum saman við árið 2000, hlutfallslegan fjölda þeirra sem lesa tiltekið lesefni í fjórar klukkustundir eða meira í viku hverri. Á myndinni má sjá að lestur bóka hefur aukist. Árið 2000 sögðust 11,5% stráka nota fjórar klukkustundir eða meira á viku til lesturs bóka, annarra en skólabóka, en þetta hlutfall hefur hækkað í 13,9% árið 2004. Sambærilegt hlutfall meðal stelpna var 12,9% árið 2000 en hefur hækkað í 19,9% árið 2004. Þessi mikla aukning er sérstaklega áhugaverð í ljósi þess að netið og margskonar annar rafrænn afþreyingarbúnaður hefur verið í mikilli sókn yfir umrætt tímabil. Lestur teiknimyndabóka og blaða hefur staðið svo til í stað meðal beggja kynja, en rúm 3% stráka og um 1% stelpna sögðust nota fjórar klukkustundir eða meiru á viku í slíkan lestur bæði árið 2000 og 2004. Hins vegar hefur dregið úr lestri dagblaða meðal stráka (úr 14,2% árið 2000 í 12,7% árið 2004) en stelpurnar hafa bætt þar lítillega við sig (úr 8,4% árið 2000 í 9,2% árið 2004). Bæði meðal stráka og stelpna hefur dregið úr lestri tímarita en um 3,0% stráka og tæp 4% stelpna segjast nota um fjórar klukkustundir eða meira á viku í lestur tímarita árið 2004.



## **Samantekt úr myndum 39 til 45**

Samantekt úr myndum 39 til 45 ber með sér að strákar stunda frekar skipulagðar tómstundir en stelpur og nemendur sem búa á landsbyggðinni stunda slíkt frekar en þeir framhaldsskólanemar sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Einnig kemur fram að lítilsháttar fjölgun hefur orðið milli 2000 og 2004 í þeim hópi framhaldsskólanema sem stunda tónlistarnám en í þeim hópi eru stelpur fleiri en strákar. Hins vegar eru strákar í meirihluta þeirra sem stunda skátastarf, ungliðastarf björgunarsveita og ungmennastarf Rauða krossins en svipað hlutfall stráka og stelpna stundar félagsmiðstöðvar eða félagsstarf í skóla. Frá 2000 til 2004 hefur orðið eilítil fækkun meðal þeirra framhaldsskólanema sem sækja bíó, kaffihús, partí, bari eða skemmtistaði, mánaðarlega eða oft og fram kemur að daglegar reykingar eru algengari meðal þeirra sem stunda óskipulagt tónlistarstarf en meðal þeirra sem stunda skipulagt tónlistarstarf. Að lokum kemur fram að bóklestur framhaldsskólanema á öðru lesefni en námsbókum hefur aukist milli ársins 2000 og 2004. Í töflum 79 til 113 á bls. 106-113 má sjá ýmsar aðrar upplýsingar um skipulagt og óskipulagt tómstunda- og frístundiðju framhaldsskólanema á Íslandi.

## **Heimildaskrá**

Altermatt E.R. og Pomerantz, E.M. (2005). The implications of having high-achieving versus low-achieving friends: A longitudinal analysis. *Social Development, 14*, 61-81.

Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson (2002). *Byggðir og búseta: Þéttbýlismyndun á Íslandi*. Reykjavík: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Bachman, J.D., Johnston, L.D. og O'Malley, P.M. (1987). *Monitoring the future*. Ann Arbor: Institute for Social Research.

Bowker A., Bukowski W.M., Hymel S. og Sippola L.K. (2000). Coping with daily hassles in the peer group during early adolescence: Variations as a function of peer experience. *Journal of Research in Adolescence, 10*, 211-243.

Carter, D.S.G., Bennetts, C. og Carter, S.M. (2003). 'We're not sheep': Illuminating the nature of the adolescent peer group in effecting lifestyle choice. *British Journal of Sociology of Education, 24*, 225-241.

Cohen, A.K. (1955). *Delinquent boys*. Glencoe: Free Press.

Colarossi, L.G. (2001). Adolescent gender differences in social support: Structure, function, and provider type. *Social Work Research, 25*, 233-241.

Crosnoe, R., Erickson, K.G. og Dornbusch, S.M. (2002). Protective functions of family relationships and school factors on the deviant behaviour of adolescent boys and girls: Reducing the impact of risky friendships. *Youth & Society, 33*, 515-544.

de Bruyn, E.H., Dekovic, M. og Meijnen, G.W. (2003). Parenting, goal orientations, classroom behavior, and school success in early adolescence. *Journal of Applied Developmental Psychology, 24*, 393-412.

- De Vaus, D. (2002). *Surveys in Social Research* (5. útgáfa). London: Routledge.
- Finnbogi Gunnarsson, Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson (1996). *Ungt fólk og skólustarf á Suðurlandi*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
- Gorman, T.J. (1998). Social class and parental attitudes toward education: Resistance and conformity to schooling in the family. *Journal of Contemporary Ethnography*, 27, 10-44.
- Jón Gunnar Bernburg og Rannveig Þórisdóttir (1997). *Staða skóla- og æskulýðsmála á Suðurnesjum*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
- Krohn, M.D. og Massey, J.L. (1980). Social control and delinquent behavior: An Examination of the elements of the social bond. *The Sociological Quarterly*, 21, 529-543.
- Krohn, M.D., Skinner, W.F., Massey, J.L. og Akers, R.L. (1985). Social learning theory and adolescent cigarette smoking: A longitudinal study. *Social Problems*, 32, 455-471.
- Lahelma, E. (2002). School is for Meeting Friends: Secondary school as lived and remembered. *British Journal of Sociology of Education*, 23, 367-381.
- Moncher, F.J. og Miller, G.E. (1999). Nondelinquent youths' stealing behavior and their perceptions of parents, schools, and peers. *Adolescence*, 34, 577-591.
- Osgood, D.W., Wilson, J.K., O'Malley, P.M., Bachman, J.G. og Johnston, L.D. (1996). Routine activities and individual deviant behavior. *American Sociological Review*, 61, 635-655.
- Peretti-Watel, P. og Lorente, F.O. (2004). Cannabis use, sport practice and other leisure activities at the end of adolescence. *Drug and Alcohol Dependence*, 73, 251-257.

- Piko B.F. og Fitzpatrick K.M. (2004). Substance use, religiosity, and other protective factors among Hungarian adolescents. *Addictive Behaviors*, 29, 1095-1107
- Roeser, R.W., Midgley, C. og Urdan, T.C. (1996). Perceptions of the school psychological environment and early adolescents' psychological and behavioral functioning in school: The mediating role of goals and belonging. *Journal of Educational Psychology*, 88, 408-422.
- Rúnar Vilhjálmsson og Þórólfur Þórlindsson (1992). The integrative and physiological effects of sports participation: A study of adolescence. *The Sociological Quarterly*, 33, 637-647.
- Smerdon, B.A. (2002). Students' perception of membership in their high schools. *Sociology of Education*, 75, 287-305.
- Sutherland, E.H. og Cressey, D.R. (1978). *Criminology* (10. útgáfa). New York: Lippincott.
- Treiman, K.A. og Beck, K.H. (1996). Adolescent gender differences in alcohol problem behaviors and the social contexts of drinking. *Journal of School Health*, 66, 299-304.
- Warr, M. (1993). Age, peers and delinquency. *Criminology*, 31, 17-40.
- Zettergren, P. (2003). School adjustment in adolescence for previously rejected, average and popular children. *British Journal of Educational Psychology*, 73, 207-221.
- Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson (1993). *Tómstundir íslenskra unglunga vorið 1992*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.

Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson (1998). *Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.

Þórólfur Þórlindsson, Þorlákur Karlsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir (1994). *Um gildi íþróttar fyrir íslensk ungmenni*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.

## Töflur

### Þátttakendur eftir kyni og búsetu

Töflur 1 til 3 sýna hlutföll svarenda árin 2000 og 2004 eftir búsetu. Í töflunum er bæði skipt niður eftir kyni og eftir búsetu á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni. Í töflu 2 er svarendum skipt nánar eftir því hvar þeir ólust upp. Að síðustu, í töflu 3, má sjá hvar þátttakendur bjuggu þegar kannanirnar voru lagðar fyrir.

**Tafla 1.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni árin 2000 og 2004.

	2000			2004		
	Höfuðb.sv	Landsb.	Allir	Höfuðb.sv.	Landsb.	Allir
Strákar	46,0%	47,6%	46,6%	47,7%	49,8%	48,4%
Stelpur	54,0%	52,4%	53,4%	52,3%	50,2%	51,6%

**Tafla 2.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hvar þau ólust upp.

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Á höfuðborgarsvæðinu	49,7%	49,1%	49,4%	50,7%	48,9%	49,7%
Í öðru þéttbýli	22,9%	23,2%	23,1%	20,8%	22,0%	21,4%
Í sjávarþorpi	14,5%	14,6%	14,5%	16,3%	16,1%	16,2%
Í sveit	9,6%	9,8%	9,7%	8,6%	8,9%	8,7%
Erlendis	3,3%	3,4%	3,3%	3,7%	4,1%	3,9%

**Tafla 3.** Hlutfall stráka og stelpna árin 2000 og 2004 eftir því hvar þau bjuggu þegar kannanirnar voru lagðar fyrir.

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Á höfuðborgarsvæðinu	59,8%	60,6%	60,2%	59,4%	60,6%	60,0%
Í öðru þéttbýli	25,0%	26,9%	26,0%	24,7%	25,8%	25,2%
Í sjávarþorpi	8,6%	7,0%	7,7%	10,2%	8,8%	9,5%
Í sveit	6,4%	5,5%	5,9%	5,6%	4,7%	5,2%
Erlendis	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,0%	0,1%

## Tengsl við foreldra, félagsskapur og vímuefnanotkun

Töflur 4 til 32 sýna hlutföll úr spurningum um tengsl nemenda við foreldra sína, félagsskap þeirra og vímuefnanotkun. Í töflum 4 til 13 má sjá hlutfall stráka og stelpna árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau horfa á sjónvarp, á vídeó eða fara í bíó/leikhús með foreldrum sínum. Einnig gefur að líta hlutföll yfir hve oft þau stunda íþróttir eða útivist með foreldrunum, spila tölvuleiki, tala saman, fara í ferðalög, fara út að keyra eða á kaffihús/matsölustað/bar með foreldrum sínum og hversu oft þau fara í heimsóknir til ættingja með foreldrum sínum. Þar á eftir sýnir tafla 14 hlutföll stráka og stelpna eftir því hve erfitt/auðvelt er fyrir þau að fá foreldra sína í samræður um persónuleg málefni. Síðan birtast töflur 15 til 17 sem sýna hvort þau telja að þau hafi engan til að tala við, hvort þau telja erfitt fyrir sig að eignast vini og hvort þau telja sig einmana. Að þessu loknu er komið að vímuefnunum í töflum 18 til 31. Spurt er um reykingar undanfarna 30 daga, um notkun munn- og neftóbaks um ævina, hve oft (ef nokkurn tíma) þau hafi orðið drukkin síðastliðna 30 daga, um tíðni misnotkunar lyfseðilsskyldra lyfja um ævina, um hassneyslu og að síðustu hvort, og þá hve oft um ævina, þau hafi notað amfetamín, LSD, E-töflur, kókaín, sveppi sem vímuefni, drukkið heimabruugg/landa, notað anabólíska stera og/eða sniffað. Að síðustu eru í töflu 32 birtar tölur yfir spilakassanotkun nemenda árið 2004.

**Tafla 4.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau horfa á sjónvarp með foreldrum sínum (spurt var hve oft þau horfðu með fjölskyldu sinni árið 2000).

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Nær aldrei	10,8%	9,4%	10,0%	14,3%	10,9%	12,5%
Sjaldan	20,3%	18,5%	19,3%	23,0%	17,8%	20,3%
Stundum	45,0%	43,4%	44,1%	44,7%	44,4%	44,5%
Oft	24,0%	28,7%	26,5%	18,1%	26,9%	22,6%



**Tafla 5.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau horfa á vídeó með foreldrum sínum (spurt var hve oft þau horfðu með fjölskyldu sinni árið 2000).

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Nær aldrei	18,4%	16,0%	17,1%	27,2%	21,6%	24,3%
Sjaldan	29,7%	26,8%	28,1%	32,9%	29,6%	31,2%
Stundum	37,7%	39,9%	38,9%	31,7%	35,9%	33,9%
Oft	14,1%	17,3%	15,8%	8,2%	12,9%	10,6%

**Tafla 6.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau fara í bíó eða leikhús með foreldrum sínum (spurt var hve oft þau færu með fjölskyldu sinni árið 2000).

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Nær aldrei	45,1%	38,1%	41,3%	52,2%	43,3%	47,7%
Sjaldan	34,8%	38,6%	36,8%	32,4%	35,9%	34,2%
Stundum	16,4%	20,0%	18,3%	13,4%	18,0%	15,8%
Oft	3,7%	3,4%	3,5%	2,0%	2,7%	2,4%

**Tafla 7.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau stunda íþróttir eða útivist með foreldrum sínum (spurt var hve oft þau stunduðu slíkt með fjölskyldu sinni árið 2000).

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Nær aldrei	45,2%	43,3%	44,2%	51,1%	47,1%	49,1%
Sjaldan	27,3%	29,5%	28,5%	26,7%	29,0%	27,9%
Stundum	16,9%	18,1%	17,5%	14,4%	17,0%	15,7%
Oft	10,6%	9,1%	9,8%	7,8%	6,9%	7,3%

**Tafla 8.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau spila tölvuleiki með foreldrum sínum (spurt var hve oft þau spiluðu með fjölskyldu sinni árið 2000).

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Nær aldrei	52,8%	72,4%	63,3%	76,1%	84,0%	80,2%
Sjaldan	23,5%	18,3%	20,8%	13,7%	12,0%	12,8%
Stundum	17,0%	8,0%	12,2%	6,3%	3,4%	4,8%
Oft	6,7%	1,2%	3,8%	3,9%	0,6%	2,2%

**Tafla 9.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau eiga í samræðum við foreldra sína (spurt var hve oft þau áttu í samræðum við fjölskyldu sína árið 2000).

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Nær aldrei	3,6%	1,7%	2,5%	2,8%	1,5%	2,1%
Sjaldan	13,1%	6,6%	9,6%	11,8%	5,3%	8,5%
Stundum	42,7%	27,1%	34,4%	38,8%	23,9%	31,1%
Oft	40,6%	64,7%	53,5%	46,7%	69,2%	58,2%

**Tafla 10.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau fara í ferðalög með foreldrum sínum (spurt var hve oft þau færu með fjölskyldu sinni árið 2000).

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Nær aldrei	17,7%	12,7%	15,0%	16,3%	12,8%	14,5%
Sjaldan	34,6%	30,7%	32,5%	31,1%	27,0%	29,0%
Stundum	38,2%	42,3%	40,4%	39,0%	42,3%	40,7%
Oft	9,5%	14,3%	12,1%	13,6%	18,0%	15,9%

**Tafla 11.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau fara út að keyra með foreldrum sínum (spurt var hve oft þau færu með fjölskyldu sinni árið 2000).

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Nær aldrei	21,5%	15,3%	18,2%	21,5%	15,3%	18,3%
Sjaldan	33,4%	29,0%	31,1%	30,0%	25,9%	27,9%
Stundum	32,1%	38,2%	35,4%	34,2%	37,9%	36,1%
Oft	12,9%	17,4%	15,3%	14,3%	20,9%	17,7%

**Tafla 12.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau fara á kaffihús/matsölastaði/bari með foreldrum sínum (spurt var hve oft þau færu með fjölskyldu sinni árið 2000).

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Nær aldrei	34,8%	26,8%	30,5%	36,8%	26,3%	31,4%
Sjaldan	37,4%	35,7%	36,5%	35,8%	33,2%	34,5%
Stundum	23,1%	30,6%	27,1%	23,2%	32,3%	27,8%
Oft	4,7%	6,9%	5,9%	4,3%	8,2%	6,3%

**Tafla 13.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau fara í heimsókn til ættingja eða vina með foreldrum sínum (spurt var hve oft þau færu með fjölskyldu sinni árið 2000).

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Nær aldrei	10,3%	6,8%	8,4%	10,5%	7,2%	8,8%
Sjaldan	30,5%	23,7%	26,9%	29,2%	22,1%	25,6%
Stundum	44,6%	47,1%	46,0%	44,8%	47,1%	46,0%
Oft	14,6%	22,3%	18,7%	15,5%	23,6%	19,7%

**Tafla 14.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve auðvelt þau telja að fá foreldra sína í samræður um persónuleg málefni (spurt var hversu auðvelt væri að fá slíkt hjá fjölskyldunni árið 2000).

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Mjög erfitt	3,4%	3,4%	3,4%	3,7%	3,6%	3,6%
Frekar erfitt	12,0%	10,6%	11,2%	12,5%	10,3%	11,4%
Frekar auðvelt	42,4%	31,2%	36,4%	38,4%	28,5%	33,3%
Mjög auðvelt	42,1%	54,8%	48,9%	45,4%	57,6%	51,7%

**Tafla 15.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hvort þau telja að þau hafi engan til að tala við.

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Á mjög illa við mig	71,5%	78,1%	75,0%	74,3%	79,6%	77,0%
Á frekar illa við mig	21,1%	17,0%	18,9%	20,5%	16,3%	18,3%
Á frekar vel við mig	5,7%	4,1%	4,9%	4,1%	3,5%	3,8%
Á mjög vel við mig	1,7%	0,8%	1,2%	1,1%	0,7%	0,9%

**Tafla 16.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hvort þau telja að þau eigi erfitt með að eignast vini.

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Á mjög illa við mig	59,1%	59,1%	59,1%	57,9%	57,4%	57,6%
Á frekar illa við mig	28,1%	26,9%	27,4%	28,0%	27,5%	27,7%
Á frekar vel við mig	10,4%	10,9%	10,7%	10,9%	11,5%	11,2%
Á mjög vel við mig	2,4%	3,1%	2,8%	3,3%	3,6%	3,5%

**Tafla 17.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hvort þau telja að þau séu einmana.

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Á mjög illa við mig	65,5%	63,5%	64,2%	64,5%	62,1%	63,2%
Á frekar illa við mig	23,6%	24,7%	24,2%	24,3%	24,9%	24,6%
Á frekar vel við mig	8,4%	9,5%	9,0%	8,3%	10,9%	9,7%
Á mjög vel við mig	2,4%	2,6%	2,5%	2,8%	2,1%	2,5%

**Tafla 18.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau hafa reykt að jafnaði sl. 30 daga.

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Ekkert	66,8%	62,9%	64,7%	68,2%	64,1%	66,1%
Minna en eina sígarettu á dag	12,6%	15,4%	14,1%	14,7%	15,0%	10,1%
Daglega	20,6%	21,7%	21,2%	17,0%	20,8%	19,0%

**Tafla 19.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau hafa notað munntóbak um ævina.

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Aldrei	55,9%	84,6%	71,3%	55,0%	81,9%	69,0%
1-2 sinnum	13,9%	11,0%	12,3%	12,5%	11,7%	12,1%
3-5 sinnum	6,4%	2,5%	4,3%	6,7%	3,3%	4,9%
6 sinnum eða oftar	23,8%	1,9%	12,1%	25,8%	3,1%	14,0%

**Tafla 20.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau hafa notað neftóbak um ævina.

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Aldrei	31,0%	55,4%	44,0%	37,3%	59,3%	48,7%
1-2 sinnum	9,0%	15,4%	12,4%	9,8%	15,4%	12,7%
3-5 sinnum	8,6%	10,7%	9,7%	7,2%	9,6%	8,4%
6 sinnum eða oftar	51,4%	18,5%	33,8%	45,7%	15,7%	30,1%

**Tafla 21.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft þau hafa orðið drukkin sl. 30 daga.

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Aldrei	35,6%	38,4%	37,1%	36,5%	38,5%	37,5%
1-2 sinnum	33,2%	40,5%	37,1%	32,6%	39,3%	36,1%
3-5 sinnum	21,0%	16,5%	18,6%	20,2%	16,0%	18,0%
6 sinnum eða oftar	10,2%	4,6%	7,2%	10,8%	6,2%	8,4%

**Tafla 22.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft um ævina þau hafa notað svefntöflur eða róandi lyf án lyfseðils læknis.

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Aldrei	90,2%	89,5%	89,8%	88,0%	86,9%	87,4%
1-2 sinnum	4,7%	6,3%	5,6%	5,6%	7,6%	6,6%
3-5 sinnum	2,2%	1,9%	2,0%	2,2%	2,2%	2,2%
6-9 sinnum	1,0%	1,1%	1,0%	1,5%	1,2%	1,3%
10 sinnum eða oftar	1,9%	1,3%	1,6%	2,7%	2,1%	2,4%

**Tafla 23.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft um ævina þau hafa notað hass.

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Aldrei	72,0%	81,7%	77,2%	73,4%	79,7%	76,7%
1-2 sinnum	9,7%	8,1%	8,9%	8,7%	8,7%	8,7%
3-5 sinnum	4,8%	3,4%	4,0%	4,8%	3,6%	4,2%
6-9 sinnum	2,7%	2,1%	2,4%	2,4%	2,0%	2,2%
10 sinnum eða oftár	10,7%	4,6%	7,5%	10,7%	6,0%	8,3%

**Tafla 24.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft um ævina þau hafa notað amfetamín (spítt).

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Aldrei	88,6%	93,3%	91,1%	87,4%	91,4%	89,4%
1-2 sinnum	4,8%	3,0%	3,8%	4,8%	3,0%	3,9%
3-5 sinnum	2,0%	1,4%	1,7%	1,9%	1,3%	1,6%
6-9 sinnum	1,0%	0,8%	0,9%	1,1%	1,1%	1,0%
10 sinnum eða oftár	3,6%	1,6%	2,6%	4,8%	4,8%	4,1%

**Tafla 25.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft um ævina þau hafa notað LSD (sýru).

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Aldrei	97,9%	99,25	98,6%	97,3%	98,8%	98,1%
1-2 sinnum	1,2%	0,5%	0,8%	1,3%	0,8%	1,1%
3-5 sinnum	0,4%	0,1%	0,2%	0,4%	0,1%	0,3%
6-9 sinnum	0,3%	0,1%	0,2%	0,3%	0,1%	0,2%
10 sinnum eða oftár	0,3%	0,2%	0,2%	0,6%	0,2%	0,4%

**Tafla 26.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft um ævina þau hafa notað E-töflur.

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Aldrei	95,6%	96,9%	96,3%	94,4%	95,4%	94,9%
1-2 sinnum	1,9%	1,7%	1,8%	2,1%	1,9%	2,0%
3-5 sinnum	0,7%	0,5%	0,6%	0,8%	0,7%	0,7%
6-9 sinnum	0,3%	0,3%	0,3%	0,5%	0,4%	0,5%
10 sinnum eða oftar	1,6%	0,5%	1,0%	2,2%	1,5%	1,8%

**Tafla 27.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft um ævina þau hafa notað kókaín.

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Aldrei	92,6%	95,8%	94,3%	92,0%	93,9%	93,0%
1-2 sinnum	3,2%	2,1%	2,6%	3,2%	2,6%	2,9%
3-5 sinnum	1,4%	1,0%	1,2%	1,4%	1,0%	1,2%
6-9 sinnum	0,8%	0,3%	0,6%	0,8%	0,6%	0,7%
10 sinnum eða oftar	2,1%	0,8%	1,4%	2,6%	1,9%	2,2%

**Tafla 28.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft um ævina þau hafa notað sveppi sem vímuefni.

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Aldrei	92,9%	97,0%	95,1%	93,4%	96,6%	95,0%
1-2 sinnum	3,7%	2,0%	2,8%	2,8%	2,1%	2,5%
3-5 sinnum	1,4%	0,4%	0,9%	1,6%	0,4%	1,0%
6-9 sinnum	0,7%	0,3%	0,5%	0,6%	0,3%	0,5%
10 sinnum eða oftar	1,3%	0,3%	0,7%	1,6%	0,6%	1,1%



**Tafla 29.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft um ævina þau hafa drukkið heimabugg/landa.

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Aldrei	47,7%	50,0%	49,0%	65,2%	67,7%	66,5%
1-2 sinnum	15,8%	18,6%	17,3%	10,1%	12,2%	11,2%
3-5 sinnum	10,3%	10,2%	10,3%	6,5%	6,7%	6,6%
6-9 sinnum	5,9%	7,4%	6,7%	4,7%	4,4%	4,5%
10 sinnum eða oftar	20,2%	13,8%	16,8%	13,5%	9,0%	11,2%

**Tafla 30.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft um ævina þau hafa notað anabólíska stera.

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Aldrei	98,5%	99,9%	99,2%	97,3%	99,7%	98,5%
1-2 sinnum	0,4%	0,0%	0,2%	0,8%	0,1%	0,4%
3-5 sinnum	0,4%	0,1%	0,2%	0,5%	0,1%	0,2%
6-9 sinnum	0,2%	0,0%	0,1%	0,5%	0,0%	0,3%
10 sinnum eða oftar	0,6%	0,0%	0,3%	1,0%	0,1%	0,5%

**Tafla 31.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hve oft um ævina þau hafa sniffað (t.d. lím).

	2000			2004		
	Strákar	Stelpur	Allir	Strákar	Stelpur	Allir
Aldrei	93,3%	96,7%	95,1%	93,3%	96,3%	94,9%
1-2 sinnum	3,3%	2,1%	2,7%	3,3%	2,2%	2,8%
3-5 sinnum	1,5%	0,7%	1,1%	1,1%	0,5%	0,8%
6-9 sinnum	0,8%	0,3%	0,5%	0,7%	0,3%	0,5%
10 sinnum eða oftar	1,2%	0,2%	0,7%	1,5%	0,7%	1,1%

**Tafla 32.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum haustið 2004 eftir því hve oft þau hafa spilað að jafnaði í söfnunarkassa.

	2004		
	Strákar	Stelpur	Allir
Hefur aldrei spilað í söfnunarkassa	24,6%	59,3%	42,6%
Sjaldnar en mánaðarlega	52,7%	37,6%	44,9%
1-3 sinnum í mánuði	11,2%	1,9%	6,4%
1 sinni í viku	7,5%	0,6%	3,9%
Oft í viku	3,9%	0,7%	2,2%

